

Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III Stóra-Giljá og Reykir við Reykjabraut



Bygðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2009/100

Forsíðumynd: Horft til suðausturs yfir hleðslu (nr. 74) á mel vestan Sauðadalsvegar skammt sunnan við Brunná, í baksýn gnæfir Reykjanibba og Brunnárdalur sunnan hennar lengst til hægri á myndinni.



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Aðferð við skráningu.....	4
Saga Stóru-Giljár.....	5
Fornleifaskrá.....	8
Þjóðsagnastaðir.....	46
Minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.....	48
Saga Reykja.....	49
Fornleifaskrá.....	51
Minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni.....	64
Samantekt og niðurstöður.....	66
Minjar í landi Stóru-Giljár.....	66
Minjar í landi Reykja.....	68
Niðurlag.....	68
Heimildaskrá	69
Aðrar heimildir	69
Heimildamenn	70

Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa á 11 jörðum í Húnavatnshreppi vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru í sumar voru, auk Stóru-Giljár og Reykja: Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóri-Dalur, Auðkúla, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Um var að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrta hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráning jarða við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir sem sjálfstæðar jarðir skráðar sem slíkar.

Heimildavinna vegna skráningarinnar hófst á vordögum og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur fornleifafræðings. Vettvangsvinna fór fram í ágúst og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings og Bryndísar Zoëga landfræðings sem einnig sáu um skýrslugerð.

Landeigendum kunnum við þakkið fyrir veittar upplýsingar og leyfi til að ganga um jarðirnar og sér í lagi Erlendi G. Eysteinsyni fyrrverandi bónda á Stóru-Giljá fyrir hjálpina.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Stóru-Giljá númerið 1 (auðkennt Stóra-Giljá - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirlit með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Stóra-Giljá – 1, 11560.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda og sama má segja um minjar innan þéttbýlis en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar eru á þeim tíma sem minjarnar eru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef Fornleifaverndar ríkisins: www.fornleifavernd.is

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Þar sem gefin er upp hærri skekkja í töflunni er um að ræða minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir staðsetningu þeirra, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða þar sem heimildamenn hafa getað sagt fyrir um staðsetningar. Grunnflötur og útlit minjanna er mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á svarthvítar loftmyndir frá Landmælingum Íslands sem hnitaðar voru af skrásetjurum. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður yfirleitt er þó rétt að hafa mikinn fyrirvara á sér hvað slíkt varðar séu ekki um það beinar heimildir. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Saga Stóru-Giljár

Stóra-Giljá á land að Húnavatni að vestan, að norðan mót Akri, Kringlu og Beinakeldu og að austan mót Reykjum. Að suðaustan er Sauðadalur sem er óskiptur en tæplega hálfur í eigu Stóru-Giljár¹. Sunnan og suðvestan við jörðina ræður áin Giljá merkjum. Frá mynni Sauðadals, skiptir Giljá merkjum milli sameiginlegs beitolands Brekku og Syðri-Brekku, því næst milli Stóru-Giljár og Brekkukots, þá heimajarða Brekku og Syðri-Brekku og suðvestast skilur Giljá að Stóru- og Litlu-Giljá.

Giljá rennur um Sauðadal sem er stór dalur samsíða Vatnsdal. Sauðadal er ekki skipt en Stóra-Giljá átti til skamms tíma 7/16 hluta dalsins, Öxl 1/16 og Hnausar 8/16,² samkvæmt jarðagrunni Fasteignamats ríkisins tilheyrir Sauðadalur í dag að 3/8 hlutum Stóru-Giljá, 4/8 Hnausum og 1/8 Sveinsstaðahreppi. Merki Sauðadals eru fram Svínadalsfjall sem vötn ráða í Gafstjörn, út Vatnsdalsfjall að Hjálpargili.³

Stóru-Giljár er víða getið í fornum heimildum og er nafn jarðarinnar ýmist ritað Giljá, Stóra-Giljá eða Ytri-Giljá.

Giljá kemur fyrir í Þorvalds sögu víðförla en Koðrán faðir Þorvalds er sagður hafa búið á Giljá og var hann kristnaður af þeim Þorvaldi og Friðreki biskup.⁴ Giljá kemur einnig fyrir á nokkrum stöðum í Biskupasögum og í Sturlungu.⁵ Um miðja 14. öld var jörðin keypt undir Þingeyrarklaustur af Arngrími ábóta og kemur jörðin fyrir í fornbréfum frá þeim tíma, m.a. þar sem greint er frá því að svonefndur Giljárreki hafi verið tekinn undir klaustrið.⁶

Í jarðabók frá 1686 er Stóra-Giljá sögð í bændaeign metin á 40hundruð, kúgildi eru 6 og landskuld 2hdr, í neðanmálsgrein kemur fram að jörðin hafi áður verið metin á 60hdr. Í jarðabók frá 1696 er jörðin hins vegar sögð í eigu Þingeyrarklausturs metin á 40hdr, kúgildin komin í 8 en leigan enn 2hdr.⁷

Í jarðabók frá 1706 er Stóra-Giljá sögð í bæandaeign, metin á 30 hundruð, að frátalinni Beinakeldu sem telst fyrir 10 hdr., saman eru jarðirnar metnar á 40 hdr. og tíundast sem slíkar í fjórum tíundum, en jarðirnar voru í eigu sama manns. Landskuld af Stóru-Giljá var tvö hundruð og skyldi borgast með öllum gildum landaurum. Leigukúgildi voru fimm en skyldu vera fjögur næsta ár. Leigur átti að borga í smjöri eða öðru eftir samkomulagi við landeiganda.⁸

Í sömu jarðabók segir: „Hjer hefur til forna bænhús verið og stóð húsið í voru minni. Enginn minnst hjer hafi tíðir fluttar verið“⁹

¹ Hlutur Stóru-Giljár í Sauðadal er í *Húnaþingi II* (bls. 268) sagður 7/16 en 3/8 í landamerkjagrunni Fasteignamats Ríkisins.

² *Húnaþing II*, bls. 268.

³ *Húnaþing II*, bls. 268.

⁴ *Ísl. sögur 6.bindi*, bls. 393-467.

⁵ *Sturlunga I*, bls. 35, 37-38.

⁶ *Ísl. Fornbréfasafn II*, bls. 727.

⁷ Björn Lárusson (1967), bls. 234.

⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín VIII* (1926), bls. 304-306.

⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín VIII* (1926), bls. 304.

Engar kvaðir voru á jörðinni árið 1706 en áður höfðu ábúendur verið kvaddir til að fylgja klausturlandsetanum til veiða í Langhyl einn dag um sumur. Önnur kvöð var að borga tvo hesta af hrís heim til klaustursins en það hafði ekki verið kallað til a.m.k. síðustu tvö ár.¹⁰

Árið 1706 eru í áhöfn jarðarinnar 8 kýr, einn veturgamall tarfur, þrír kálfar, 76 ær, 12 tveggjavetra sauðir og eldri, 24 veturgamlir, 65 lömb, 12 hestar, tvö hross, tveir tveggjavetra folar, einn veturgamall og tvær unghryssur og var jörðin talin geta fódrað allt án þess að voga þyrfti nokkru á útigang.¹¹

Í jarðabókinni frá 1706 kemur fram að eigendur Stóru-Giljár hafi eignað jörðinni afrétt á Sauðadal en margar jarðir talið sig eiga þar selstöður og hafði ekki verið skorið úr um hið rétta fyrir dómi þegar bókin var rituð. Selstöðu átti jörðin fyrir allt geldfé um sumur og auk þess höfðu Giljábændur nýtt hrossa- og nautabeit átölulaust á Sauðadal.¹²

Jörðin átti þegar jarðabókin var rituð hristöku á sex hesta í landi Búrfells í Svínadal. Torfrista, stunga og reiðingsrista var sögð bjargleg á jörðinni. Móskurður til eldiviðar var talinn hafa verið en hafði ekki verið nýttur undanfarið og óvíst hvort hann væri nothæfur. Hrísrif var enn brúkað til eldiviðar en fór þverrandi. Silungsveiði eignaði eigandinn Giljá allt inn undir Brandanes en úr því hafði ekki verið skorið með lögum árið 1706. Sömuleiðis eignaði landeigandi sér eggjatöku í hólma nærri Húnaósi en það hafði heldur ekki verið reynt að lögum. Grasatekju hafði jörðin á Sauðadal, en berjalestur var þrotinn. Jörðinni var eignaður reki „frá því er endar Hjaltabakkareka og til þess rjettsýni er norður af Geirastaðabúngu fyrir vestan Húnaós.“ Þá var jörðinni eignuð hálf selveiði við Húnaós á móti Hjaltabakkamönnum. Sölvatekja var einnig eignuð Giljá í Hjaltabakkafjöru fyrir tvo kvenmenn einn dag eða milli sjávarfalla einu sinni á ári. Mánaðarþétt eignuðu eigendur Stóru-Giljár jörðinni í Kringlulandi fyrir allt sauðfé frá Stóru-Giljá um vetur. Gallar jarðarinnar voru þeir helstir að sandfok af melum spillti túninu og sömuleiðis áin þar sem hún rann meðfram túni og engjum.¹³

Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1840 segir um Stóru-Giljá að jörðin sé landmikil, eigi góða selstöðu og þar sé góður heyskapur. „Væn jörð en erfð“ metin á 30 hundruð.¹⁴

Í jarðabók frá 1847 er Stóra-Giljá sögð í bændaeign metin á 30hrd. kúgildi 6 og landskuld 1hrd og 60 álnir, neðanmáls segir að hreppstjóri telji kúgildið aðeins eiga að vera eitt.¹⁵

Í jarðabók frá 1861 er Stóra-Giljá metin 30hrd að fornu mati og hjáleigan Beinakelda 10hrd. saman eru jarðirnar að nýju mati taldar 51hrd. að dýrleika.¹⁶

Selstöður frá Stóru-Giljá

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840 segir að bændur á Stóru-Giljá hafi í seli fram á Sauðadal frá fráfærum til gangna, eini bærinn auk Þingeyra.¹⁷ Þá voru Stóru-Giljár bændur einir um að vera með beitarhús í sókninni.¹⁸

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), bls. 304-306.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), bls. 304-306.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), bls. 304-306.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII (1926), bls. 304-306.

¹⁴ Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 67.

¹⁵ J. Johsen (1847), bls. 236.

¹⁶ Ný jarðabók (1861), bls. 93.

¹⁷ Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 67.

Giljársel var austurundir Jörundarfelli í vestanverðum Sauðadal, milli Holts- og Mässtaðasels. Þar var veturseta einhver ár en það er ekki talið hafa staðið lengi samfelld. Sagnir eru um að þetta sel hafi áður tilheyrt Reykjum.¹⁹

Vestan við mynni Mjóadals var sel, ýmist nefnt *Mjóadalssel* eða *Reykjasel*.²⁰ Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni tilheyrði þetta einnig Stóru-Giljá og var þá nefnt „*Giljársel ytra*“ en var síðar nytjað frá Reykjum.²¹

Lambastaðir eru austan Giljár gegnt Seljadal sem er norðan við Sandfell framarlega á Sauðadal. Þar var einnig fyrrum sel frá Giljá.²² Þar þótti besta málnytulandið í dalnum og eru munnmæli um að nafnið sé til komið vegna þess að þar hafi verið haldið lömbum til sumarbeitar af Ásum og úr Vatnsdal.²³

Ekkert þessara selja er í núverandi heimalandi Stóru-Giljár og þau eru því ekki skráð í þessari skýrslu, en munu þegar þar að kemur fylgja Sauðadal sem er óskiptur eigu Stóru-Giljár og fleiri aðila.

Hjáleigur

Beinakelda var um tíma hjáleiga frá Stóru-Giljá, jörðin er talin upp sem sjálfstæð jörð í bændaeign í jarðatali Johnsen frá 1847, metin á 10hdr. Í *Nýrri jarðabók* frá 1861 er Beinakelda talin með Stóru-Giljá eins og fram hefur komið og þær saman metnar á 51hdr. Samkvæmt samningi Byggðasafns Skagfirðinga og Húnavatnshrepps er farið eftir jarðatalinu frá 1847 við fornleifaskráningu jarða innan hreppsins og þær jarðir sem þar hafa sjálfstætt númer eru skráðar sem sjálfstæðar heildir. Beinakelda var ekki á forgangslista yfir jarðir til skráningar 2009 og verður því skráð síðar.

Sýslu- og sóknalýsingar I, bls. 68.

¹⁹ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 308.


²⁰ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 308.

²¹ Munnleg heimild, Erlendur G. Eysteinnsson, 11.08.2009.

²² Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 308.

²³ Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 308.

Fornleifaskrá



Mynd 1, túnakort frá 1920 er hér lagt yfir loftmynd frá Landmælingum frá árinu 1995. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 er bærinn eins og hann var mældur upp árið 1920, nr. 2 er útihús, 3 líklega rétt og 4 til 7 útihús, nr. 8 er matjurtagarður sem enn sér fyrir. Samkvæmt uppmælingunni frá 1920 var ræktað tún á Stóru-Giljá 5,8 hektarar, nýrækt 1,1 ha og 5/6 hlutar túnsins voru sléttir og matjurtagarðurinn var 626 ferfaðmar.

Stóra-Giljá - 1

Sérheiti: Stóra-Giljá

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt örnefnaskrá Stóru-Giljár stóð gamli bærinn rétt austan við núverandi íbúðarhús frá árinu 1927 (ÖBB:1; fmr.is).

Lýsing

Nú er sléttur garður, og limgerði umhverfis hann, þar sem gamli bærinn stóð áður og fundust engar menjar um gamla bæinn á yfirborði sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Um síðustu aldamót var Stóra-Giljá ekki í sjálfsábúð nema að litlu og áttu þar heima margar fjölskyldur. [...] Bærinn var mjög stór og löng göng inn að ganga, en til beggja hliða voru smábaðstofur eða kofar, sem búið var í.“ (PK: 174). Samkvæmt Erlendi Eysteinessyni var komið niður á hleðslur úr bænum þegar limgerði var sett niður austan við garðinn (munnl. heimild 11.8.2009).

Stóra-Giljá - 2

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús tæpa 20m norðaustan við bæinn.

Lýsing

Á þessum stað stendur í dag steinsteypt véla og verkfærageymsla frá árinu 1946 (fmr.is).

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni stóð hesthús og hestarétt þar sem skemman stendur í dag (munnl. heimild 11.8.2009).

Stóra-Giljá - 3

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús tæpa 20m norðaustan við bæinn og sunnan við þau virðist vera einhverskonar hölf eða rétt.

Lýsing

Á þessum stað stendur í dag steinsteypt véla og verkfærageymsla frá árinu 1946 (fmr.is) og sunnan við hana er afleggjari og bílaplan.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni stóð hesthús og hestarétt þar sem skemman stendur í dag (munnl. heimild 11.8.2009).

Stóra-Giljá - 4

Sérheiti: Guðrúnarhús/Lambhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tæpa 150m norðvestur af íbúðarhúsinu á Stóru-Giljá eru steinsteypt útihús, þar stóðu áður fjárhús nefnd Guðrúnarhús/Lambhús (munnl. heimild Erlendur G. Eysteinson 11.08.2009; ÖBB: 1).

Lýsing

Þarna er í dag steyppt útihús og engar minjar eldri fjárhúsa sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Guðrúnarhús: fjárhús, nú kölluð Lambhús.“ (ÖBB: 1). Steinsteypta hlaðan sem nú stendur var reist á gömlu heytóftinni við fjárhúsin líklega árið 1948 af Erlendi G. Eysteinsyni, fjárhúsin sem voru tvístæð garðahús fyrir um 80 kindur voru rifin um 1974 af Erlendi (munnl. heimild 18.01.2010).

Stóra-Giljá - 5

Sérheiti: Baðhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Uppá Húsahóli norður af bæ á Stóru-Giljá stóðu gömlu fjárhúsin, Baðhús norðvestast, þá Hrutahús og suðaustast Hólhús.

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og engin merki um byggingar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni voru þessi hús kölluð Baðhús og gátu tekið um 130-160 kindur. Þriggja garða hús, en syðsti garðinn og krærnar við hann styttri (munnl. heimild 11.8.2009 og 18.01.2010). Fjárbað var í þessu hús.

Stóra-Giljá – 6

Sérheiti: Hrútahús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Uppá Húsahóli norður af bæ á Stóru-Giljá stóðu gömlu fjárhúsin, tvö stærri hús Baðhús og Hólhús og minni hús á milli þeirra sem hétu Hrútahús.

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og engin merki um byggingar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni voru þessi hús nefnd Hrútahús (munnl. heimild 11.8.2009). Í húsinu var einn garði með króm beggjavegna og einhölukró viðbyggð með stalli meðfram veggnum, þarna voru hrútarnir hafðir (munnl. heimild. 18.01.2010).

Stóra-Giljá - 7

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Uppá Húsahóli norður af bæ á Stóru-Giljá stóðu gömlu fjárhúsin, Baðhús norðvestast, þá Hrútahús og suðaustast Hólhús.

Lýsing

Þarna er í dag slétt tún og engin merki um byggingar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni voru þessi hús nefnd Hólhús (munnl. heimild 11.8.2009), þau tóku um 100 fjár (munnl. heimild 18.10.2010).



Mynd 2, kartöflugarður í gilbrekkunni sunnan við Kvíaból austan við bæ á Stóru-Giljá. Tvö sumarhús frá Giljá eru á Kvíabóli og sér aðeins í stafninn á því vestara sem stendur á sama stað og fjárhús stóðu áður. Horft er til norðausturs.

Stóra-Giljá - 8

Hlutverk: Matjurtagarður (kartöflugarður)

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýndir matjurtagarðar um 80m austur af bænum. Leifar þeirra sjást enn í brekkunni norðan við á við mynni gilsins sem Giljá dregur nafn sitt af.

Lýsing

Að minnsta kosti fimm garðbrot sjást á þessum stað í gilbrekkunni, um 50sm há og 120sm breið og algróin. Engin regluleg lögun er á þeim og þau samræmast illa uppmælingunni frá 1920. Mikill gróður var á svæðinu þegar minjarnar voru skoðaðar (11.8.2009) og má vera að betri mynd fengist af þeim við betri aðstæður.

Stóra-Giljá - 9

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Kvíaból: Ofan við Svuntu. Þar er nú hesthús.“ (ÖBB: 1).

Lýsing

Þarna eru tvö sumarhús í ræktuðu túni sem nú er komið í órækt. Engar minjar sáust á þessum stað sumarið 2009 en mikill gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir: „Kvíaból er nú orðið tún, og sér ekki fyrir stekkjum þar.“ (ÖEE: 1).

Stóra-Giljá - 10

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Kvíaból: Ofan við Svuntu. Þar er nú hesthús.“ (ÖBB: 1).

Lýsing

Þarna eru tvö sumarhús í ræktuðu túni sem nú er komið í órækt. Engar minjar sáust á þessum stað sumarið 2009 en mikill gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar

Hesthúsi og fjárhúsum var ýtt út í kringum 1972-3 í tíð Erlendar Eysteinsonar þáverandi bónda (munnl. heimild 11.8.2009).

Stóra-Giljá - 11

Sérheiti: Kvíaból

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Ofan (austan) við bæ á Stóru-Giljá norðan Giljár heitir Kvíaból (ÖBB: 1). Þar eru nú tvö sumarhús, þar sem neðra húsið stendur stóðu áður fjárhús samkvæmt Erlendi Eysteinessyni (munnl. heimild 11.8.2009).

Lýsing

Þarna eru tvö sumarhús í ræktuðu túni sem nú er komið í órækt. Engar minjar sáust á þessum stað sumarið 2009 en mikill gróður var á svæðinu.

Aðrar upplýsingar

Hesthúsi og fjárhúsum var ýtt út í kringum 1972-3 í tíð Erlendar Eysteinsonar þáverandi bónda (munnl. heimild 11.8.2009).

Stóra-Giljá - 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Leifar garðlags sjást sem hryggur í túninu norðvestan við bæ á Stóru-Giljá. Hryggurinn er greinilegastur þar sem hann liggur til suðvesturs niður brekkuna norðvestast á Húsahól, um 200m norður af íbúðarhúsinu. Hann sést áfram óljóst í boga vestur fyrir steipt útihús á túninu þar sem Guðrúnarhús öðru nafni Lambhús (nr. 4) stóðu áður en hættir að sjást um 60m sunnan við þau.

Lýsing

Hryggurinn er á bilinu 3-6m breiður og mest 30-40sm hár upp undir Húsahóli en er varla meir ein 5-10sm á köflum sunnar í túninu. Hvergi sér í grjót og hefur garðurinn fyrir löngu verið slættaður í tún þótt enn sjái móta fyrir honum.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 sést að þá hefur verið búið að auka við túnið til vesturs og norðvesturs og eru útmörk gamla túnsins teiknuð inn með brotalínu sem fellur fullkomlega að hryggnum sem enn sést í túninu.

Stóra-Giljá - 13

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðhættir

Áveita var á engjunum neðan (vestan) við heimatúnið á Stóru-Giljá og voru þar stíflur, garðar og áveituskurðir (ÖS2:3). Til skamms tíma sáust leifar garða norðvestast í landareigninni um 1200m norðvestur af íbúðarhúsinu á Stóru-Giljá við norðurenda Stokkaskurðs sem enn sér móta fyrir.

Lýsing

Svæðið þar sem garðarnir stóðu var ræktað upp vorið 2009 og þar er nú ræktað fódurkál. Á loftmynd frá árinu 1993 (Landmælingar Íslands: M14-M-2986) sjást þessir garðar enn að hluta og voru þeir mældir upp af loftmyndinni eftir að hún hafði verið hnitsett. Enn sér móta fyrir Stokkaskurði, gömlum farvegi sem Giljanni var veitt í til áveitu á engin á Stóru-Giljá.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Stokkur = Stokkaskurður er áveituskurður, sem liggur í krókum norður engið, þar sem hæst ber, á milli Efra- og Neðraness. Hann liggur frá stíflu í ánni, sem var gerð með steiptum stöplum sitt hvoru megin, og í botninum var sver rekadrumbur þvert yfir, en stórgrýti sett ofan og neðan við, svo vatn hlypi ekki undir drumbinn. Síðan var plönkum rennt í, og þá hækkað í ánni, svo að vatnið náði að renna í Stokkaskurðinn, en úr honum var vatninu hleypt yfir engið hér og hvar, svo það fengi flóð sem víðast.“ (ÖEE: 3).

Stóra-Giljá - 14

Sérheiti: Stokkur/Stokkaskurður

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Stokkur = Stokkaskurður er áveituskurður, sem liggur í krókum norður engið, þar sem hæst ber, á milli Efra- og Neðraness.“ (ÖEE: 3).

Lýsing

Enn sér móta fyrir farvegi Stokkaskurðar þótt nú séu að miklu leyti komin tún þar sem engið var áður. Farvegurinn virðist að mestu náttúrulegur en líklega hefur hann þó að einhverju leyti verið grafinn.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir enn fremur um Stokkaskurð: „Hann liggur frá stíflu í ánni, sem var gerð með steiptum stöplum sitt hvoru megin, og í botninum var sver rekadrumbur þvert yfir, en stórgrýti sett ofan og neðan við, svo vatn hlypi ekki undir drumbinn. Síðan var plönkum rent í, og þá hækkað í ánni, svo að vatnið náði að renna í Stokkaskurðinn, en úr honum var vatninu hleypt yfir engið hér og hvar, svo það fengi flóð sem víðast.“ (ÖEE: 3).

Stóra-Giljá - 15

Sérheiti: Stóriskurður

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðhættir

Stóriskurður er gamall farvegur Giljár sem liggur frá norðri til suðurs um 800m vestan við bæ á Stóru-Giljá.

Lýsing

Um er að ræða náttúrulegan farveg sem Giljain rann um til forna en var svo veitt aftur í fyrir aldamótin 1900 í áveituskyni með því að stífla þáverandi árfar. Áinn rennur nú á sama stað og þegar hún var stífluð en farvegurinn forni er enn mjög greinilegur og liggur vegslóði eftir honum, ekkert sér hins vegar eftir af stíflunni.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Stóriskurður, hann er efsti hlutinn af Krókasíkinu, en þar rann Giljain til forna í Húnavatn, en var síðar stífluð og henni veitt norður í stefnu á Akur til að nýta hana betur til áveitunnar. Þetta mun hafa verið gert rétt fyrir aldamótin síðustu.“ (ÖEE: 3).

Stóra-Giljá - 16

Hlutverk: Stífla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skömmu fyrir aldamótin 1900 var Giljá stífluð og vatni veitt í gamlan farveg hennar Stóriskurð til áveitu á engjunum vestan við bæ á Stóru-Giljá (ÖEE: 3).

Lýsing

Áinn rennur nú á sama stað og þegar hún var stífluð en farvegurinn forni (Stóriskurður) er enn mjög greinilegur og liggur vegslóði eftir honum, ekkert sér hins vegar eftir af stíflunni.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Stóru-Giljár segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Stóriskurður, hann er efsti hlutinn af Krókasíkinu, en þar rann Giljain til forna í Húnavatn, en var síðar stífluð og henni veitt norður í stefnu á Akur til að nýta hana betur til áveitunnar. Þetta mun hafa verið gert rétt fyrir aldamótin síðustu.“ (ÖEE: 3). Seinna voru steiptir stöplar sitthvorum megin ár og áin stífluð með rekaviði og grjóti til að veita vatni á engjarnar (ÖEE: 3).

Stóra-Giljá – 17

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í grein Erlendar G. Eysteinsonar „Skilarétt á ferð og flugi“ kemur fram að eftir að skilarétt hafi staðið um tíma á eyrinni suðvestur af Giljá (EE: 84). Réttin var horfinn fyrir minni Erlendar en hann telur líklegast að hún hafi staðið á áreyrinni um 50m suðvestur af bænum (munnl. heimild. 18.01.2010).

Lýsing

Engar menjar þessarar réttar fundust á yfirborði sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Réttin í Réttarhvammi „[...] lagðist af nokkuð löngu fyrir síðustu aldamót og var hún þá færð á eyrina niður með Giljanni til suðvesturs frá bænum á Stóru-Giljá. Til skamms tíma sást fyrir veggjarbrotum hennar þar. Ekki mun réttin hafa orðið langlíf á þessum stað. Það var vegna þess að Giljain gerist oft mikil í flóðum á vorin, sérstaklega þegar klakastíflur verða í henni. Hún mun þá hafa valdið svo miklum skemmdum á réttinni að mönnum þótti ekki ráðlegt að glíma við þær aftur og aftur. Þá var gripi til þess ráðs að gera enn nýja aðstöðu til að rétta fé af Sauðadal og valinn staður fram undir Brunná við Háabakka.“ (EE: 84-85).

Stóra-Giljá - 18

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í ornefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Þúfnalækur: merkjalækur milli Giljár og Kringlu“ (ÖBB: 2). Norðan við vegamót Reykjabrautar og þjóðveg 1 rennur Þúfnalækur til suðvesturs eftir Þúfnalækjargili. Gilið er breitt og gróskumikið en gróðurýrir melar beggjavegna. Í giliinu um 200m frá þjóðvegi 1 eru tóft og þúst á bakkanum sunnan lækjarins.

Lýsing

Tóftin snýr nálega austur-vestur um 14x9m að utanmáli. Tóftin er með dæmigerðu stekkjarglagi, rétt og lítil lambakró. Að sunnan er réttin 8x3m að innanmáli með stuttum aðrekstrargarði til vesturs í framhaldi af suðurvegg. norðan við miðja réttina er lítið hólf eða lambakró 2x3,5m að innanmáli. Mjög mikill gróður var á svæðinu þegar tóftin var skoðuð á vettvangi í ágúst 2009, en tóftin var það stæðileg að það kom lítið að sök. Veggir eru um 50-80sm háir og víðast á bilinu 1-2m breiðir.



Mynd 3, þúst og stekkjartóft í Þúfnalækjargili. Loftmynd Landmælingar Íslands (M14-M-2986)

Stóra-Giljá - 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Þúfnalækur: merkjalækur milli Giljár og Kringlu“ (ÖBB: 2). Norðan við vegamót Reykjabrautar og Þjóðveg 1 rennur Þúfnalækur til suðvesturs eftir Þúfnalækjargili. Gilið er breytt og gróskumikið en gróðurryrir melar beggjavegna. Í gili um 200m frá Þjóðvegi 1 eru tóft og þúst á bakkanum sunnan lækjarins.

Lýsing

Þústin er um 20m norðan stekkjartóftarinnar (nr. 18) á litlu nesi við lækinn, hún er um 11m á kant og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Nokkuð örugglega er um mannvirki af einhverju tagi að ræða en afar mikill gróður var á svæðinu í ágúst 2009 og kom í veg fyrir hægt væri að átta sig nánar fyrirkomulagi þess.

Stóra-Giljá - 20

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Norðan við vegamót Reykjabrautar og Þjóðveg 1 rennur Þúfnalækur til suðvesturs eftir Þúfnalækjargili. Í gili um 200m frá Þjóðvegi 1 eru tóft og þúst á sléttum bakka sunnan lækjarins. Tæpa 120m suðaustur af tóftinni (nr. 18) hleðsluleifar efst á melenda, svonefndum Krubbuhóli, sem Reykjabraut sveigir norður fyrir.

Lýsing

Hleðslan, eða grjóthrúgan öllu heldur, er næsta hringlaga um 3,5m í þvermál og mest um 70sm há.

Stóra-Giljá - 21

Sérheiti: Mómýri

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild


Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Mómýri: sunnan við Þúfnalækjargil og neðan við Beinakeldutún.“ (ÖBB: 2). Mógrafir sjást enn um 500m norðvestur af bæ á Beinakeldu í landi Stóru-Giljár um 90m sunnan Þúfnalækjar.

Lýsing

Stærri mógröfin eru um 50m löng (NV-SA) og um 25-30m breið og um 1m djúp, hin er álíka löng (nálega A-V) um 18-20m breið. Þurr

lækjarfarvegur er á milli grafanna. Mikill gróður var á svæðinu þegar það var skoðað í ágúst 2009 og ekki útilokað að fleiri minni grafir séu á þessum slóðum.



Mynd 4, mógrafir (nr. 21) í Mómýri og líklega leifar mókofa (nr. 22). Loftmynd Landmælingar Íslands (M14-M-2986).

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá 1706 er mósukurður sagður hafa tíðkast en var þá ekki nýtt (JÁM VIII:305). Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Mómýri. Þar var mótekja frá Giljá. Mér er ekki kunnugt um, hve djúpur mórinn var, en hygg, að hann hafi verið 7-8 stungur. Mórinn var góður, bæði þar og á Beinakeldu. Mótekju lauk á Giljá árið 1929 [...]. Ég get ekki fullyrt um, hve mikill mór var tekinn til eldiviðar hér [...] Íbúðarhúsið á Stóru-Giljá er steipt árin 1922-1926, og er það allt einangrað með mó á milli veggja [...] Sá mór var úr Mómýri.“ (ÖEE: 4).

Stóra-Giljá - 22

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Mógrafir eru í mýrinni um 500m norðvestur af bæ á Beinakeldu í landi Stóru-Giljár um 90m sunnan Þúfnalækjar, á melnum vestan við mógrafarsvæðið er lítil tvískipt tóft.

Lýsing

Tóftin er um 10x5,5m að utanmáli og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist að því er virðist í tvö jafnstór hólfi, 3x2,2m að innanmáli. Veggir eru á bilinu 20-30sm háir og algrónir grasi.

Stóra-Giljá - 23

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á brekkubrúninni ofan (austan) við Kvíaból. Sú syðsta um 370m austur af gamla bæjarstæðinu á Stóru-Giljá.

Lýsing

Syðsta varðan er um 40sm há og 90x90sm á kant. Hleðslan lítur ekki út fyrir að vera mjög gömul.



Mynd 5, syðsta varðan af þremur á brekkubrúninni (nr. 23) ofan (austan) við Kvíaból. Tvö sumarhús sjást í baksýn og á milli þeirra fjær er íbúðarhúsið á Stóru-Giljá.

Stóra-Giljá - 24

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á brekkubrúninni ofan (austan) við Kvíaból á bilinu 370-440m austur og norðaustur af gamla bæjarstæðinu á Stóru-Giljá.

Lýsing

Hleðslan eða grjóthrúgan öllu heldur er 50x100sm á kant og snýr NNA-SSV eftir brekkubrúninni og er mest um 20sm há.

Aðrar upplýsingar

Þessi hleðsla er ekki ólík þekktum lýsingum á heiðnum gröfum eða kumlum hvað útlit og staðsetningu snertir en ómögulegt er að fullyrða að um kuml sé að ræða án frekari rannsóknar. Ýmislegt annað kemur einnig til greina og er e.t.v. nærtækara s.s. að um hrunda vörðu af einhverju tagi sé að ræða.



Mynd 6, hleðsla (nr. 24) ofan við Kvíaból.

Stóra-Giljá - 25

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á brekkubrúninni ofan (austan) við Kvíaból.

Lýsing

Hleðslan er 30-40sm há og um 80sm á kant.

Aðrar upplýsingar

Þessi hleðsla er ekki ólík þekktum lýsingum á heiðnum gröfum eða kumlum hvað útlit og staðsetningu snertir en ómögulegt er að fullyrða að um kuml sé að ræða án frekari rannsóknar. Ýmislegt annað kemur einnig til greina og er e.t.v. nærtækara s.s. að um hrunda vörðu af einhverju tagi sé að ræða.



Mynd 7, nyrsta hleðslan (nr. 25) á brekkubrúninni ofan við Kvíaból.



Mynd 8, hugsanlegar leifar vörðu á mounum norðaustur af Stóru-Giljá. Sumar- og íbúðarhús á Stóru-Giljá sjást í fjarska vinstra megin á myndinni.

Stóra-Giljá - 26

Hlutverk: Óþekkt/kennimark


Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Umfangsmikil hleðsla eða hrunin varða er á holti í mounum um 750m norðaustur af íbúðarhúsinu á Stóru-Giljá.

Lýsing

Hleðslan er töluvert hrunin, um 1,5m á kant að grunnmáli og um 40sm há. Töluverður jarðvegur og gróður liggur upp að hleðslunni að sunnan og austan.



Stóra-Giljá – 27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í löngum hvammi norðan Giljár um 1km austur af bæ á Stóru-Giljá og um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu.

Lýsing

Vestasta tóftin er um 9x10m að utanmáli og snýr nálega norður-suður. Tóftin virðist tvískipt með hugsanlega einhverskonar útskoti til vesturs. Dyr eða hlið virðist hafa verið milli hólfa í tóftinni. Veggir eru hlaupnir í þúfur og grónir mosa, um 20-30sm háir.

Stóra-Giljá – 28

Hlutverk: Óþekkt/stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í löngum hvammi norðan Giljár um 1km austur af bæ á Stóru-Giljá og um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu. Um 35m norðaustur af tóft nr. 27 er aflöng tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er 17,5x6m að ummáli og er byggð upp við brekkuna að norðan. Tóftin er tvískipt með dæmigerðu stekkjaraði, rétt og lítil lambakró. Réttin er 8,5x2,5m að innanmáli, með brekkunni að norðvestan. Lambakróin er austan við 2,7x3m að innanmáli og virðist hlið hafa verið útúr henni til suðurs en ekki sér fyrir hliði á milli króarinnar og réttarinnar. Veggir eru á bilinu 20-40sm háir og um 40-100sm hár kantur að norðan, tóftin er öll grasi gróin.



Stóra-Giljá – 29

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í löngum hvammi norðan Giljár um 1km austur af bæ á Stóru-Giljá og um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu. Um 50m suðaustur af stekkjartóftinni nr. 28 er lítil ólöguleg tóft.

Lýsing

Tóftin er um 9x6m að ummáli, hugsanlega tvískipt. Að vestan er lítið hól 130x170sm að innanmáli með dyr til suðvesturs. Norðaustur af þessu hólfi gengur ólögulegur veggur í boga til austurs og myndar lítið hól um 2m á kant sem opið er til suðausturs. Veggir eru grónir grasi og mosa, þýfðir og um 30sm háir og 1-2,5m breiðir.



Stóra-Giljá – 30

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag/Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í löngum hvammi norðan Giljár um 1km austur af bæ á Stóru-Giljá og um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu. Rúma 20m austur af tóft nr. 29 er óljóst garðlag (nr. 30) og tvískipt tóft (nr. 31).

Lýsing

Garðlagið er afar óljóst, um 10-20sm hátt og um 1m breitt og myndar hól sem er um 7,5x5m að innanmáli opið til norðurs og með líkt og aðreksrargarði til austurs. Erfitt er að segja til um hlutverk þessa mannvirkis en hugsanlega eru þetta leifar réttar af einhverju tagi.



Stóra-Giljá – 31

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í löngum hvammi norðan Giljár um 1km austur af bæ á Stóru-Giljá og um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu. Rúma 20m austur af tóft nr. 29 er óljóst garðlag (nr. 30) og tóft (nr. 31).

Lýsing

Tóftin er tvískipt, um 8x14,5m að ummáli og snýr suðvestur-norðaustur. Að austan er stórt hólf, um 4,5x5m suðvestan við það er lítið hólf sem virðist hafa hrunið saman um 150x180sm að innanmáli. Engin hlið eða dyr eru greinanlegar. Veggir eru grasi grónir, um 40-60sm háir og 1,5-3,5m breiðir. Líklega er um stekkjarleifar að ræða, rétt og litla sambyggða lambakró.



Mynd 9, minjar í Norðlingahvammi við Giljá. Loftmynd Landmælingar Íslands (M14-M-2986).

Stóra-Giljá – 32

Sérheiti: Norðlingavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Norðlingavað: þar lá Reykjabraut yfir ána og eftir Norðlingahvammi.“ (ÖBB: 3).

Lýsing

Óljósar götur sjást enn að Giljánni beggjavegna í Norðlingahvammi, um 500m suðvestur af bæ á Beinakeldu í beina stefnu í framhaldi af afleggjaranum heim að bænum.

Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um Giljá: „Vað er á henni, Norðlingavað, á miðjum Giljarmelum, í Norðlingahvammi.“ (SS: 65).

Stóra-Giljá – 33

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Réttarhvamur: í gílinu nokkru ofar [en Norðlingahvamur]. Þar var áður réttað fé af Sauðadal.“ (ÖS1:3).

Lýsing

Rústir þessarar réttar ná yfir svæði sem er alls um 40sm langt frá austri til vesturs og um 24m frá norðri til suðurs. Almennungur í miðju 17x6m að innanmáli (A-V), dylkar umhverfis 10-11 talsins, þar af tveir sem tengjast almenningnum í gegnum aðra dylka í suðausturhorninu. Á Dilkarnir eru mjög misstórir, á bilinu 1,2-6m breiðir og 3-11,5m langir, greinileg hlið eru á nokkrum þeirra inni almenningin og út. Veggir eru algrónir grasi á bilinu 20-70sm háir og 1-2,5m breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í grein sinni „Skilarétt á ferð og flugi“ segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Þeir [Sigurður og Jóhannes Erlendssynir, föðurbræður Erlendar] sögðu mér frá því hvar fé af Sauðadal var réttað á 19. öldinni og sýndu mér staðinn. Þar voru glögg veggjabrot þar sem skilaréttin fyrir Torfalækjarhrepp var í djúpum hvammi við Giljána. Hann heitir Réttar hvamur. [...] Sagnir herma að þessi staður hafi verið valinn fyrir það að meðfram ánni eru illfærir klettar, áin straumhörð og ófýsileg öllum til yfirferðar. Skeifulaga brött hvammsbrekkan er á hinn veginn og réttin var þar í miðju. Á brekkubrúninni voru konur og börn látn gæta fjárins meðan réttað var. [...] Þessi rétt lagðist af nokkuð löngu fyrir síðustu aldamót og var hún þá færð á eyrina niður með Giljánni til suðvesturs frá bænum á Stóru-Giljá.“ (EE: 83-84). Uppdráttur fylgir af fyrirkomulagi réttarinnar í Réttarhvammi og stemmir hann í grófum dráttum við uppmælingu skýrsluhöfunda frá síðastliðnu sumri 2009. Samkvæmt Erlendi var almenningurinn 19m langur og 7m breiður og átta 8 dylkar út frá honum og tveir til viðbótar



Mynd 10 rétt (nr. 33) í Réttarhvammi við Giljá. Loftmynd Landmælingar Íslands (M14-M-2986).

lengra frá tengdir horndilkum (EE: 84). Einu frávikin í uppmælingu BSk og Erlendar eru staðsetningar hliða á sumum dilkanna og stærð norðvestasta dिल्सins, sem er helmingi stærri hjá Erlendi en BSk, þá er suðvestasti dilkurinn í uppmælingu BSk tvískiptur en hugsanlega er þar um hrun að ræða fremur en eiginlegan vegg sem skiptir dilknum.

Stóra-Giljá – 34

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Neshvammur: Næstihvammur ofan við Réttarhvamm.“ (ÖS1:3). Um 130m suðaustur af réttinni í Réttarhvammi er tóft á gróðursælu nesi sem gengur til vesturs, sunnan við Réttarhvamm. Tóftin stendur á hæsta punkti á norðanverðu nesinu 3-5m frá þverhníptri klettabrún („Neshvammsklettum“) við Giljá.


Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt, um 15x9m að ummáli og liggur suðvestur-norðaustur.

Að suðvestan er stærsta hólfið, 5x6m að innanmáli, norðaustan við er að því er virðist tvískipt tóft sem gengur ögn inni hólfið eða réttina. Innanmál hennar er 2,5x1,6m að sunnan og 1,7x1,8m að norðan. Innangengt virðist hafa verið í gegnum tvískiptu tóftina og inni hólfið og hugsanlega hefur einnig verið hlið útúr hólfinu vestan við tóftina.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um stekk að ræða, rétt með tvískiptri lambakró, þótt yfirleitt séu lambakrærnar einfaldar.



Stóra-Giljá – 35

Sérheiti: Tæpagata/Tæpugata

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Tæpugata: þar liggur Reykjabraut hin nýja tæpt á gilbarminum.“ (ÖBB: 3). Hér er átt við gömlu Reykjabrautina sem lá meðfram Giljánni, kölluð „hin nýja“ til aðgreiningar frá enn eldri Reykjabraut sem lá þvert yfir flóann beint vestur af Reykjum.

Lýsing

Reykjabrautin gamla liggur á um 500m kafla svo gott sem á klettabrún Giljár um 950m suðaustur af Beinakeldu þar sem svonefnd Tæpagata/Tæpagata lá áður. Reykjabrautin gamla er akfær vegslóði en götur sjást víða meðfram veginum.

Stóra-Giljá – 36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Björnsnef: Melhorn skammt ofan við Skessuhvamm. Reykjabraut liggur yfir það.“ (ÖBB: 3). Norðan við Reykjabraut skammt austur af Melhorni sem gengur til suðvesturs (líklega Björnsnefi) við enda Tæpugötu er umfangsmikil grjóthrúga.

Lýsing

Hrúgan er aflöng norður-suður um 9m löng og 5m breið og mest um 40sm há. Lítil hrúga er áföst að suðaustan 2x1,4m að ummáli. Misstórt grjót er í hrúgunni frá hnefastóru grjóti uppí stóra hnallunga.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi G. Eysteinessyni var Gestur Bjarnason (f. 2.9.1842 d. 1.2.1919) fjármaður á Beinakeldu einkar iðinn við að draga saman grjót þegar hann sat yfir fé bæði vetur og sumur og liggja margar stórar hrúgur eftir hann víðsvegar um land Stóru-Giljár og Beinakeldu, mjög líklega er þetta ein þeirra.



Mynd 11, grjóthrúga (nr. 36) sunnan við Tæpugötu, horft til suðurveðs.

Stóra-Giljá – 37

Sérheiti: Skessa

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða/ Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Björnsnef: Melhorn skammt ofan við Skessuhvamm. Reykjabraut liggur yfir það.“ (ÖBB: 3). Norðan við Reykjabraut skammt austur af Melhorni sem gengur til suðvesturs (líklega Björnsnefi) við enda Tæpugötu er umfangsmikil grjóthrúga (nr. 36) um 250m suðaustur af henni er önnur heldur minni grjóthrúga og lítil steinlögn.



Mynd 12, horft til vesturs yfir hleðslu (nr. 37) og steinlögn norðan við Giljá.

Lýsing

Hleðslan eða hrúgan er aflöng frá norðvestri til suðausturs samsíða gilinu, 2,7m löng og 2m breið, töluvert hefur skriðið úr hleðslunni en hún er þó um 120sm há þar sem hún er hæst. Um 1m norðaustan við grjóthrúguna (nr. 37) er lítil steinlögn, sem liggur þvert á hina suðvestur-norðaustur, 1x0,6m í ummál og um 10sm hærri en umhverfið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnalýsingu Stóru-Giljár segir: „Skessa: Klettadrangi efst í Skessugljúfrum.“ (ÖBB: 3). Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Tæpugötugil endar svo í beygju árinna við Björnsnef, en þá heldur gilið áfram og nefnist Skessugljúfur. Dregur það nafn sitt af steindranga ofan í gilinu að norðan, og heitir drangi þessi Skessa. Hún hefur höfuð, og sér fyrir, þar sem áður voru handleggir á henni, en eru nú dottnir af. Austur frá gilinu er stór grjóthrúga, eins og dys í laginu, og gengur hún undir nafninu Skessa, og hygg ég, að við hana sé átt, þegar talað er um Skessu í daglegu tali, og að svo hafi verið um langan

aldur, því kletturinn sést ekki nema af gilbarminum, og um hann vita fáir.“ (ÖEE: 6). Fleiri *Skessu*-örnefni eru á þessum slóðum: Skessuhvammur (ÖBB: 3); Skessugljúfur (ÖBB: 4; ÖEE: 6); Skessumór (ÖBB: 4).



Mynd 13, hleðsla við Giljá sunnan gömlu Reykjabrautar, gegnt vestasta stóra gilinu í Axlaröxl. Horft til suðurs.

Stóra-Giljá – 38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Örlítill bugur er á Giljánni til suðvesturs gegnt vestasta stóra gilinu í Axlaröxl. Norðantil á þessum bug eða nefi er umfangsmikil hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er næsta hringlaga um 4,5m í þvermál og um 50-60sm há. Grunnurinn virðist að hluta hlaðinn en grjóti hefur verið hrúgað upp efst. Gróðurtorfa er efst gras, mosi og lyng.

Stóra-Giljá – 39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða/ Hleðsla

Staðhættir

Tæpa 250m suðaustur af hleðslu (nr. 38) gegnt vestasta stóra gilinu í Axlaröxl er tvær vörður eða hleðslur með um 40m millibili.

Lýsing

Syðri varðan er við árbakka Giljár. Varðan er stæðileg, tæplega 3m á kant og 1-1,2m há.



Mynd 14, varða (nr. 39) við Giljá.



Mynd 15, hleðsla nr. 40 við Giljá. Horft til suðvesturs.

Stóra-Giljá – 40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/Varða

Staðhættir

Tæpa 250m suðaustur af hleðslu (nr. 38) gegnt vestasta stóra gilinu í Axlaröxl er tvær vörður eða hleðslur með um 40m millibili.

Lýsing

Hleðslan er næsta ferhyrnd um 2m á kant og 80-90sm há. Að mestu stæðileg en þú hefur hrunið nokkuð úr henni að sunnan.



Mynd 16, beitarhús frá Giljá suðaustan við Beinakeldu. Horft til austurs.

Stóra-Giljá – 41

Hlutverk: Fjárhús (beitarhús)/hesthús

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Beitarhús: beitarhús frá Giljá. Þar er nú talsvert stórt tún, áfast við Beinakeldutún.“ (ÖBB: 4). Leifar húsanna eru ofan við Reykjabraut um 190m austur af núverandi skilarétt Torfalækjarhrepps, Beinakeldurétt.

Lýsing

Þakið er fallið en það hefur verið timbur og bárujárnsþak klætt torfi að því er virðist, veggir og garði eru hlaðnir úr torfi og grjóti og standa ágætlega 30-110sm háir. Húsin hafa snúið nálega austur-vestur, einföld garðahús, og það sem enn sést af húsunum er um 10x10m á kant, en hugsanlega hefur einhverjum hluta húsanna verið ýtt út.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni tóku húsin um 200 fjár og hesthús var á sama stað (munnl. heimild 11.08.2009).

Stóra-Giljá – 42

Hlutverk: Rétt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Ofan við Reykjabraut um 190m austur af núverandi Beinakeldurétt eru leifar beitarhúsa frá Stóru-Giljá og suðaustan þeirra stóð eldri skilarétt Torfalækjarhrepps.


Lýsing

Réttinni var ýtt út og eru leifar hennar eru í stórrí hrúgu um 15m sunnan við beitarhúsin (nr. 41).

Aðrar upplýsingar

Réttin sem hér um ræðir var byggð 1912 og notuð fram til 1977 og því er ekki um eiginlegar fornleifar að ræða samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga en þar sem réttin var hlaði úr torfi og grjóti sem ber vott um fornt verklag er hún skráð hér. Í grein Erlendar Eysteinsonar segir: „Það var svo árið 1912 að hafist var handa við nýja réttarbyggingu fyrir hreppinn. Hún var ofan við Beitarhúsatúnið hjá Beinakeldu. Þessi rétt var hlaðin úr torfi og grjóti, um 20m löng og 8 metra breið. Grjóthleðslan var í um kindarhæð og torfi hlaðið þar ofan á í fulla veggshæð. Við réttina voru í upphafi níu dylkar, allir hlaðnir úr torfi sem fljótlega molnaði niður og var þá girt ofan á þá. Seinna var þeim dilkum fjölgað með net- og timburskilrúmunum. Stór safngirðing var við réttina. Kristján Benediktsson bóndi á Hæli sagði mér að hann hefði unnið sem hestasveinn við að flytja efni að réttinni, þá ellefu ára gamall. Guðmundur Magnússon frá Hurðarbaki sá um að hlaða réttina. Réttin hét Beinakeldurétt og var í henni réttað fé og einnig hross fram til ársins 1977. Þá voru dilkarnir orðnir svo hrörlegir að tæplega þótti svara

kostnaði að halda réttinni lengur við.“ (EE: 86). Í grein Erlendar er uppdráttur af skipulagi réttinnar frá 1912 (EE: 85).



Mynd 17, horft til vesturs yfir steinlögn (nr. 43) austur af Beinakeldu, í baksýn er útihúsin á Beinakeldu og rétt glittir í þakið á íbúðarhúsinu.

Stóra-Giljá – 43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/seinlögn

Staðhættir

Á melhóli um 580m austur (ANA) af bæ á Beinakeldu og rúma 500m norðaustur af núverandi Beinakeldurétt.

Lýsing

Lág hleðsla myndar líkt og grunn að lítilli tóft eða leifar smalabyrgis, hleðslan snýr austur-vestur og er alls um 4x3m að ummáli, en 2x1m að innanmáli opin til austurs. Lítil grjóthrúga líkt og leifar lítillar vörðu er við austurenda „veggjarins“ að sunnan. Hleðslan er um 10-20sm há og 80-130m breið.

Stóra-Giljá – 44

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Lítill hleðsla hugsanlega hrunin varða er á melhóli um 670m austur af bæ á Beinakeldu og um 550m norðaustur af núverandi Beinakeldurétt og um 140m suðaustur af hleðslu nr. 43.

Lýsing

Nokkrir steinar saman í hrúgu, mest um 20sm há og um 60sm á kant, hugsanlega leifar lítillar vörðu.



Mynd 18, hleðsla (nr. 45) á melunum austan Beinakeldu.

Stóra-Giljá – 46

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Á melhóli um 1080m austur (ANA) af bæ á Beinakeldu og um 950m norðaustur af núverandi Beinakeldurétt og um 330m ANA af hleðslu nr. 45.

Lýsing

Hleðslan er um 3m á kant og um 30-40sm há. Stórir og stæðilegir steinar eru neðst og yst en smærra grjóti hrúgað upp í miðjunni. Líkast grunni að stórrí vörðu sem ekki hefur verið lokið við.

Stóra-Giljá – 45

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á melhóli um 750m austur af bæ á Beinakeldu og um 630m norðaustur af núverandi Beinakeldurétt og um 70m norðaustur af hleðslu nr. 44.

Lýsing

Hleðslan er að mestu hrunin, en þó um 30sm há og um 110sm á kant.



Mynd 19, hleðsla (nr. 46) í mólendinu austur af Beinakeldu.



Mynd 20, hleðsla (nr. 47) á melnum austan við beitarhúsin frá Stóru-Giljá sunnan Beinakeldu.

Stóra-Giljá – 47

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Á melhóli um 300m austur af leifum beitarhúsanna (nr. 41).

Lýsing

Hleðslan er lítil og keilulaga, um 30sm há og 50sm í þvermál í grunninn. Hleðslan er á gróðurrýrum mel en nokkur melagróður gróður hefur safnast upp að henni.

Stóra-Giljá – 48

Hlutverk: Óþekkt/stekkur/sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir:

„Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...]

Húsadalslækur: rennur eftir

Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“. (ÖBB: 4).

Húsadalur er gróskumikið hallandi lægðardrag milli mela

suðaustur af Beinakeldu. Um 400m aust-suðaustur af leifum beitarhúsanna nr. 41. er aflöng


tóft upp við brekkuna norðan Húsadalslækjar.

Lýsing

Tóftin er byggð uppvið brekkuna að norðan og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fjórskipt og alls um 23x9m að ummáli. Að austan er rétt með aðrekstrargarði og vestan hennar þrjú minni hólf. Réttin er 6x2m að innanmáli og hólfen vestan við 2x2,5m á kant nema það syðsta sem er 3,5x2m og mjókkar til norðvesturs. Engar dyr eða hlið sjást á milli hólfanna þriggja né inni réttina, hins vegar er hlið útúr réttinni til austurs upp við brekkuna og aðrekstrargarðinn. Veggir eru víðast um 130sm breiðir og á bilinu 20-80sm háir. Tóftin er algróin grasi og sér ekki í grjóti í hleðslum.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er um stekk að ræða eða jafnvel sel þótt engar heimildir séu um hvorugt á þessum stað. Stekkir eru yfirleitt tvískiptar tóftir, rétt og lítil lambakró en sel samanstanda gjarnan af þremur smátóftum eða þrískiptri tóft auk kvía.



Mynd 21, hleðsla nr. 49 sunnan við Húsadal, suðaustur af Beinakeldu.

Stóra-Giljá – 49

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur:

talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...]

Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum

Beinakeldutún og í Þúfnalæk“. (ÖBB: 4). Á

melnum sunnan við Húsadal um 550m aust-suðaustur af leifum beitarhúsanna (nr. 41) er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er hringlag um 1m í þvermál, 40sm há

Stóra-Giljá – 50

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir



Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...] Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“. (ÖBB: 4). Í mólendi sunnan við Húsadal um 650m aust-suðaustur af leifum beitarhúsanna (nr. 41) er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur og er um 15x10m að utanmáli. Að vestan er stórt hólfið, 6,5x7m að innanmáli og lítið hólfið við norðausturhornið, 2,5x2m að innanmáli. Engar greinilegar dyr eða hlið eru á hvorugum hólfa. Veggir eru á bilinu 110-170sm breiðir en fremur ávalir og sokknir, um 40-50sm háir. Tóftin er algróin og heldur gróskumeiri en mólendið umhverfis.

Aðrar upplýsingar

Líklega er um stekk að ræða þar sem hefðbundið stekkjarglag má segja að sé á henni, fremur lítil rétt með áfastri lítilli lambakró.



Stóra-Giljá – 51

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...] Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“. (ÖBB: 4). Á melnum norðan við Húsadal um 700m austur af leifum beitarhúsanna (nr. 41) er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan eða grjóthrúgan er skeifulaga opin til norðurs, um 5x5m að ummáli, á bilinu 1,8x2,5m breið og um 20sm há.


Stóra-Giljá – 52

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...] Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“. (ÖBB: 4). Í Húsadal þar sem hann fer að opnast og breikka að austan eru tóftir við brekkuna að norðanverðu, rúma 300m austan við tóftir stekkjarglag eða sels (nr. 48).



Lýsing

Greinilegasta tóftin er 6,5x6m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur og 3,5x1,8m að innanmáli. Dyr eða hlið hefur verið nyrst á suðvesturvegg. Veggir er á bilinu 30-60sm háir og 1-1,7m breiðir, tóftin er algróin grasi og sker sig lítt úr umhverfinu.

Stóra-Giljá – 53

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...] Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“ (ÖBB: 4). Í Húsadal þar sem hann fer að opnast og breikka að austan eru tóftir við brekkuna að norðanverðu, rúma 300m austan við tóftir stekkjjar eða sels (nr. 48) neðar í Húsadal. Um 6m vestan við tóft nr. 52 eru óljós hugsanleg veggjalög sem mynda að því er virðist litla tóft.

Lýsing

Meint tóft er 4,5x3m að utanmáli með um 1m breiða vegg, opin til suðurs. Veggir eru afar óljósir og aðeins um 10sm háir.

Stóra-Giljá – 54

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Húsadalur: talsvert langur dalur ofan við Beitarhúsin. [...] Húsadalslækur: rennur eftir Húsadal, gegnum Beinakeldutún og í Þúfnalæk“ (ÖBB: 4). Í Húsadal þar sem hann fer að opnast og breikka að austan eru tóftir við brekkuna að norðanverðu, rúma 300m austan við tóftir stekkjjar eða sels (nr. 48) neðar í Húsadal. Fast vestan við meinta tóft nr. 53 er önnur óljós tóft sem virðist liggja að hluta yfir hinni.

Lýsing

Tóftin er fremur óljós, um 5,5x6m að ummáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir á bilinu 30-40sm háir og 1-2m breiðir. Dyr eða hlið virðist hafa verið fyrir miðjum norðvesturvegg.



Stóra-Giljá – 55

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Hólar: margir hólar norðan við Húsadal. Hólahaugur: austasti hluti hólanna“ (ÖBB: 4). Á austur enda melhólanna norðan Húsadals um 100m sunnan við austurenda nýræktarinnar er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan snýr austur-vestur og er sporöskjulaga um 5m löng og 4m breið og um 30-40sm há. Út frá austurendanum gengur um 1m breið hleðsla 3m til norðurs og er vörðubrot nyrst á henni, um 30sm há.

Stóra-Giljá – 56

Hlutverk: Óþekkt/smálabyrgi

Tegund: Hleðsla/tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Hólar: margir hólar norðan við Húsadal. Hólahaug: austasti hluti hólanna. Einbúi: einstakur hóll austan við Hólahaug.“ (ÖBB: 4). Einbúanum um 240m austan við nýræktina á Hólunum austan Beinakeldu er hleðsla.

Lýsing


Hleðslan er skeifulaga opin til norðvesturs, um 4x2,5m að ummáli, en 120x80sm að innanmáli og á bilinu 10-30sm há.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlednur G. Eysteinnsson: „Einbúi er einstakur, strýtulaga hóll, sem er umkringdur mýrarflóum á alla kanta. Efst á honum er grjóthrúga (varða). Hann er gróinn að hluta, en sumt er melur og móar á milli, breiðir úr sér til norðurs, og yfir hann liggur fjárvegur, götur, frá Hólahaug austur til Flóans, en að sunnan er hann mjórri.“ (ÖEE: 1). Þessar götur bera ekki sérstakt nafn og ekki kemur fram að þær séu hluti af þekkttri leið milli bæja eða á tiltekinn áfangastað, þær eru því ekki skráðar sérstaklega.



Mynd 22, hleðsla, líklega leifar smálabyrgis, á stökum melhóli, austan við nýræktarblett austan við Beinakeldu. Horft til suðvesturs.



Stóra-Giljá – 57

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Litlaholt: einstakt holt austan við Einbúa“ (ÖBB: 4). Afar óljósar tóftir virðast eru á lágum melhól (Litlaholti) um 170m suðaustur af Einbúanum, rúma 2km aust-suðaustur af Beinakeldu.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og virðist hafa verið um 11m langt og 7m breitt, einföld garðahús. Veggir eru um 150sm breiðir og á bilinu 30-40sm háir, afar óljósir, þýfðir og falla vel inni umhverfið grónir mosa og grasi. Sunnan við er hálfhringlaga þúst um 50sm hærri en umhverfið, hugsanlega leifar heytóftar.

Stóra-Giljá – 58

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á melási um 1800m aust-norðaustur af bæ á Beinakeldu, nyrst er að því er virðist smalabyrgi (nr. 60) með dyr til suðurs, varða suðvestur af honum (nr. 59) og annað frumstætt byrgi suður af henni (nr. 58).

Lýsing

Grjóthleðsla um 20-30sm há og 120sm breið er hlaðin í dæld við austurenda tveggja stórra steina og myndar frumstætt byrgi sem er um 150x80sm að innanmáli, opið til vesturs.



59



Stóra-Giljá – 59

Hlutverk: Óþekkt/kennimark


Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á melási um 1800m aust-norðaustur af bæ á Beinakeldu, nyrst er að því er virðist smalabyrgi (nr. 60) með dyr til suðurs, varða suðvestur af honum (nr. 59) og annað frumstætt byrgi suður af henni (nr. 58).

Lýsing

Tæplega sex metrum norðan við byrgið nr. 58 hefur nokkrum steinum verið raðað í hrúgu uppá stórum steini.



0



5 M

Stóra-Giljá – 60

Hlutverk: Óþekkt/smalabyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Þrjár hleðslur eru á melási um 1800m aust-norðaustur af bæ á Beinakeldu, nyrst er að því er virðist smalabyrgi (nr. 60) með dyr til suðurs, varða suðvestur af honum (nr. 59) og annað frumstætt byrgi suður af henni (nr. 58).

Lýsing

Hleðslan er skeifulaga, opin til suðurs, um 3,5m á kant að utanmáli og 170x70sm að innanmáli. Nokkuð hefur hrúnið úr hleðslunni eða byrginu og eru veggir á bilinu 10-30sm háir. Hleðslan er að hluta gróin, einkum norðurhluti hennar.

Stóra-Giljá - 61

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í grein Erlendar Eysteinssonar „Skilarétt á ferð og flugi“ kemur fram að eftir að skilaréttin sem stóð á eyrinni suðvestur af Giljá lagðist af hafi verið fundið nýtt réttarstaði fram undir Brunná við Háabakka (EE: 84).

Lýsing

Réttin hefur verið næsta hringlaga, almenningurinn ögn aflangur frá norðri til suðurs, um 12,5x10,5m að innanmáli. Aðalhliðið inni almenningin hefur verið vestan miðju að norðan. Sex dylkar eru umhverfis almenningin, þar af einn mjög lítill að austanverðu um 2x2m á kant og virðist ekki hafa verið innangengt úr honum inni almenninginn. Hinir dylkarnir eru á bilinu 2,5-7m breiðir og 6,5-10m langir. Veggir réttarinnar eru úr torfi algrónir grasi á bilinu 1-2,5m breiðir og 40-70sm háir, grjót sést á stökustað.

Aðrar upplýsingar

„Þessi aðstaða mun hafa verið valin samfara því að girðing var sett upp til að varna því að fé kæmist sjálfkrafa á afrétt fyrir rúning á vorin. [...] Ekki er mér kunnugt um ártöl hvenær girt var eða réttin færð. Mér sögðu eldri menn að þessi réttaraðstaða hefði verið notuð í tiltölulega fá ár vegna fjarlægðar hennar frá byggðinni í hreppnum. Það var svo árið 1912 að hafist var handa við nýja réttarbyggingu fyrir hreppinn. Hún var ofan við Beitarhúsatúnið hjá Beinakeldu.“ (EE: 84-85).



Mynd 23, gömul skilarétt Torfalækjarhrepps (nr. 61) við Háabakka framan við ármót Giljár og Brunnár, horft til norðurs.

Stóra-Giljá – 62

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir


Óljósar hleðsluleifar eru efst á bakkanum sunnan við réttina (nr. 61).

Lýsing

Hleðslan er um 10sm há og 100x60sm að grunnfleti (NV-SA). Hleðslan er gróin grasi, mosa og lyngi, en umhverfis er næsta ber melur.



Mynd 24, hleðsla á melbrúninni sunnan við réttina við Brunná (nr. 61).



Mynd 25, minjar við Brunná, svonefndar Geirstóftir. Alls eru sjö tóftir í þyrpingu við veginn, þar af ein (nr. 65) sem virðist standa á eldra minjum (nr. 64) og ein óljós þúst (nr. 67) að auki sem kann að vísa á byggingu. Þá er stök tóft um 60m vestar í gílinu við Brunná (nr. 63). Loftmynd frá Landmælingum Íslands (M14-M-2986).

Stóra-Giljá – 63

Hlutverk: Óþekkt/rétt/kvíar/stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Geirstóftir: tóftarbrot við Brunná þar sem götur liggja yfir ána fram á Sauðadal.“ (ÖBB: 5). Brunná rennur eftir grónu gili vestur í Giljá, um 140m norðvestur af vaðinu yfir Brunná er einföld tóft í norðanverðu gílinu.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er byggð upp við um 1m háan bakka að norðaustan en um 2m breiðir og 4-50sm háir veggir eru að sunnan og vestan, og mjórri og lægri veggur að norðvestan við hliðið eða dyrnar inní tóftina. Innanmál tóftarinnar er 12x3,5m.

Aðrar upplýsingar

Um er að ræða einhverskonar rétt, hugsanlega kvíar frá selinu (Geirstóftum) eða jafnvel stekkur, þótt ekki sjáist nein lambakró við réttina. Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „[...] einnig eru Geirstóftir gamalt sel.“ (ÖEE: 7) en síðar segir: „Það er talið, að þar hafi verið stekkur, sem notaður hafi verið frá Reykjum, í landi Giljár, og hann hafi notað maður að nafni Geir. Ekki tel ég þetta þó öruggt. En fyrir tóftunum sést vel.“ (ÖEE: 9).



Mynd 26, Geirstóftir við Brunná fyrir minni Sauðadals.

Stóra-Giljá – 64

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Vegslóðinn liggur fast við hólnum að suðvestan og hefur aðeins verið tekið úr hólnum við vegagerðina, hætt er við að minjarnar verði fyrir frekara raski vegna umferðar um veginn.

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Norðaustan við veginn er lágur hóll (nr. 64) og þrískipt tóft ofaná honum (nr. 65).

Lýsing

Hóllinn er um 40-60sm hár og um 14x10m að ummáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega eru þetta leifar eldra mannvirkis sem tóftin nr. 65 hefur verið reyst á.

Stóra-Giljá – 65

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Vegslóði liggur fast við tóftina að suðvestan og hefur aðeins verið tekið af tóftinni við vegagerðina, hætt er við að minjarnar verði fyrir frekara raski vegna umferðar um veginn.

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Norðaustan við veginn er lágur hóll (nr. 64) og þrískipt tóft ofaná honum (nr. 65).

Lýsing

Tóftin er þrískipt, mest um 11x9m á kant og snýr norðaustur-suðvestur. Að norðvestan er stórt óskipt hólf, um 7,5x2m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Suðaustan við er tvö minni hólf sem snúa eins, það syðra 3,5x1,8m og það norðara 2x1,5m. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Veggir eru 50-60sm háir, um 1m breiðir og grasi grónir. Tóftin stendur á svolitlum hólum (nr. 64), hugsanlega leifum eldra mannvirkis.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta bæjar- eða seltóftirnar sjálfar, en fleiri tóftir koma einnig til greina sem slíkar, s.s. nr. 73 og 72 en selið gæti líka hafa verið byggt upp oftar en einu sinni og ekki alltaf á nákvæmlega sama stað.

Stóra-Giljá – 66

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt/Sel/Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Vegslóði liggur fast við tóftina að norðaustan og hætt er við að minjarnar verði fyrir raski vegna umferðar um veginn.

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Tæpum 3m suðvestan við tóft nr. 65 handan vegarins virðist móta fyrir afgangi tóft.

Lýsing

Meint tóft snýr norðaustur-suðvestur um 10,5m löng og 5m breið, hugsanlega hefur einhver hluti hennar skorist af við vegagerð þegar slóðinn var gerður fram Sauðadal. Innanmál er mest 6x2m en mjókkar til beggja enda. Engar dyr eru greinanlegar en veggir eru þýfðir og ógreinilegir um 20-30sm háir og 1-2m breiðir, grónir grasi, mosa og lyngi. Þetta er allt afar ógreinilegt og ekki með öllu útilokað að um náttúrumyndin sé að ræða.

Stóra-Giljá – 67

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Norðvestan við tóft nr. 65 hinumegin vegarins mótast fyrir afgangi tóft.

Lýsing

Þústin liggur samsíða veginum norðvestur-suðaustur og er 6x4m að ummáli og 50-60sm há. Hún er þýfð, gróin grasi og mosa með smá dæld í miðju.

Stra-Giljá – 68**Sérheiti:** Geirstóftir**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsveggar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Um 11m austan við tóft nr. 65 eru óljósar leifar annarrar tóftar.

Lýsing

Tóftin er um 8,5m á kant, og snýr NNA-SSV. Veggir eru þýfðir og mest um 30-40sm háir og grónir grasi, mosa og lyngi. Austurhluti tóftarinnar er sérstaklega óljós og veggir þar hrundari en annarsstaðar. Það er því erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir upprunalegu útliti þessarar tóftar.

Stóra-Giljá – 69**Sérheiti:** Geirstóftir**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsveggar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Um 14m norð-norðaustur af tóft nr. 65 lítill tóft suðvestan undir svolitlum brekkustalli.

Lýsing

Tóftin er 6x4m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, opin til norðvesturs, um 4,5x0,8m að innanmáli. Veggir eru um 30sm háir, hlaupnir í þúfur og mosagrónir.

Stóra-Giljá – 70**Sérheiti:** Geirstóftir**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsveggar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Um 8m norðaustur af tóft nr. 65 er lítill tóft.

Lýsing

Tóftin er 5,5x6,5m að utanmáli með rúnnað horn, innanmál er 4,5x3,5m, og ekkert hlið eða dyr greinanlegar. Veggirnir eru grasi grónir og þýfðir, hrundir á köflum og mest um 30-40sm háir og á bilinu 50-150sm breiðir.

Stóra-Giljá – 71**Sérheiti:** Geirstóftir**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft

Hættumat: Vegslóðinn liggur fast við tóftina að suðvestan og hætt er við að minjarnar verði fyrir raski vegna umferðar um veginn.

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsveggar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Um 5m suðaustur af tóft nr. 65 er önnur tóft við veginn.

Lýsing

Tóftin er um 8,5x8m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru á bilinu 30-60sm háir og 1,8-2m breiðir nema að suðaustan þar sem veggurinn virðist hafa hrunið til suðausturs og er um 2,5m breiður. Að innan er tóftin fremur óregluleg um 4,5 löng og 2,5m breið. Engar

dyr eru greinanlegar. Tóftin er álíka há og tóftin nr. 65 en virðist eldri, gróin grasi, mosa og ljónslöpp.

Stóra-Giljá – 72

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt/Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Um 9m suðvestan við tóft nr. 65 er tví- eða þrískipt tóft handan vegarins.

Lýsing

Tóftin er um 8x9m að ummáli og snýr NNA-SSV. Nyrst er um hól sem er 3,5x3m að innanmáli með dyr til suðausturs. Sunnan við það er hól sem er um 2x1,6m einnig með dyr til suðausturs og bak við það (NV-við) virðist vera lítið hól um 2x1,7m að innanmáli opið í báð a enda til norðurs og suðurs. Veggirnir eru á bilinu 30-50sm háir og um 1-2m breiðir, nokkuð þýfðir, grasi- og mosavaxnir.

Stóra-Giljá – 73

Sérheiti: Geirstóftir

Hlutverk: Óþekkt/Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Vegslóðinn liggur fast við tóftina að norðaustan og hætt er við að minjarnar verði fyrir raski vegna umferðar um veginn.

Staðhættir

Geirstóftir eru tóftaþyrping beggjavegna Sauðadalsvegar á bökkum Brunnár fyrir mynni Sauðadals. Sunnan Sauðadalsvegar um 9m suðvestan við tóft nr. 65 er tví- eða þrískipt tóft (nr. 72) og samsíða henni, 4m suðaustar, er önnur stærri tóft (nr. 73).

Lýsing

Tóftin er 17m löng og mest um 6m breið og liggur NNA-SSV. Hugsanlega hefur hluti tóftarinnar farið undir vegslóðann fram Sauðadal þegar hann var gerður það þarf þó ekki að vera, en slóðin liggur fast upp að tóftinni að norðan. Nyrsta hól tóftarinnar er 2,5x1,7sm með dyr til norðvesturs, sunnan við það er stærsta hólfið 4x2,5m að innanmáli að því er virðist með dyr til suðausturs. Sunnan við það er 2,7x1,7m hólfið með dyr til norðvesturs og sunnan við það líkt og lítil viðbygging sem nær ekki jafn langt til austurs, 3x1,3m að innanmáli opin til norðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Tóftir 72 og 73 virðast svipaðar að aldri af útliti að dæma auk þess sem þær snúa nákvæmlega eins og virðast að því leyti taka tillit hvor til hinnar. Báðar gætu verið híbýli af einhverju tagi þótt erfitt geti verið að segja til um það af útlitinu einu saman.

Stóra-Giljá – 74

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Um 25m vestan við veginn þar sem hann kemur uppúr gílinu við Brunná að sunnanverðu er hleðsla upp á melhól.

Lýsing

Hleðslan er um 80sm á kant að grunnfleti og 30-40sm há og er nær að tala um grjóthrúgu en hlaðna vörðu.

Stóra-Giljá – 75

Hlutverk: Óþekkt/kennimark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Um 40m vestan við Sauðadalsveg, um 180m suður af vaðinu yfir Brunná er hleðsla eða réttara sagt hrúga af grjóti sem virðist hafa verið dregið saman uppá melhóli.

Lýsing


Grjóthrúgan er ögn sporöskjulaga, um 4,3x3,7m (NA-SV) og um 50sm há þar sem hún er hæst. Gras, mosi og ljónslöpp eru umhverfis hrúguna sem stendur á annars gróðursnauðum mel.



Mynd 27, hleðsla (nr. 74) á mel vestan Sauðadalsvegar skammt sunnan við Brunná, í baksýn gnæfir Reykjanibba og Brunnárdalur sunnan hennar lengst til hægri á myndinni.



Mynd 28, horft til norðurs yfir grjóthrúgu (nr. 75) fyrir mynni Sauðadals.



Stóra-Giljá – 76

Hlutverk: Óþekkt/fjárhús/beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp með Brunná um 300m suðaustur af Geirstóftum er a.m.k. þrjár gamallegar tóftir á norðurbakka árinna. Vestasta tóftin líkist einna helst leifum fjárhúsa með hlöðu (nr. 76).

Lýsing

Tóftin er um 16m löng og 8m breið og liggur norðaustur-suðvestur. Veggir eru fremur óglöggir grasi- og mosavaxnir mest um 30-40sm háir. Tóftin virðist a.m.k. tvískipt, aflangt hólf að suðvestan og annað þvert á hið fyrra að norðaustan öllu ólögulegra, norðaustast er 60-70sm djúp hola og grjóthruga í botni hennar. Hugsanlega eru þetta leifar fjárhúss/beitarhúss með hlöðu, niðurgrafinni og grjóthlaðinni. Tóftin er grænni og gróskumeiri en umhverfið og sker sig nokkuð úr umhverfinu.

Stóra-Giljá – 77

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp með Brunná um 300m suðaustur af Geirstóftum er a.m.k. þrjár gamallegar tóftir á norðurbakka árinna. Um 13m norðaustur af meintri fjárhúsa (nr. 76) er afar stór og gamalleg tóft (nr. 77) og yngri tóft (nr. 78) að hluta til ofan á henni að suðvestan.

Lýsing

Tóftin er um 22m löng og 12m breið og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru mjög útflattir um 3-5m breiðir, ávalir og mest um 40-50sm háir. Innanmál er um 12x4,5 en mjókkar í báða enda, hlið eða dyr virðast hafa verið að suðaustan en hugsanlega einnig að norðvestan.

Stóra-Giljá – 78

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp með Brunná um 300m suðaustur af Geirstóftum er a.m.k. þrjár gamallegar tóftir á norðurbakka árinna. Um 13m norðaustur af meintri fjárhúsa (nr. 76) er afar stór og gamalleg tóft (nr. 77) og yngri tóft (nr. 78) að hluta til ofan á henni að suðvestan.

Lýsing

Tóftin er byggð utan í suðvesturvegg tóftar nr. 77 og snýr eins og hún (NV-SA) og er í smá halla til suðvesturs. Tóftin er ferhyrnd, um 6,5m á kant að utan og um 3,2x3,2m að innanmáli með dyr útúr suðvesturhorni. Veggir eru um 150sm breiðir og 30-40sm háir, grónir grasi mosa og ljónslöpp en virðast þó umtalsvert yngri en veggir tóftarinnar sem þeir standa á.

Stóra-Giljá – 79

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Tvær vörður eru á háum melhóli, vestari Klaufarhólnum, vestan við Brunnárskriðu.

Lýsing

Vestari varðan eða vörðubrotið er 10-20sm hátt og um 80sm á kant að grunnfleti.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Brunnárskriða er skriða, sem varð til þegar Brunná var veitt úr farvegi sínum norður milli Klaufarhóla eftir lautum (Löngulaut) norður á Flóann til að mynda áveitu á Torfavatnið, sem er í Reykjalandi.“ (ÖEE: 10).



Mynd 29, horft til norðvesturs af vestari Klaufarhólnum norðan Brunnár fyrir mynni Sauðadals.

Stóra-Giljá – 80

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Tvær vörður eru á háum melhóli, vestari Klaufarhólnum, vestan við Brunnárskriðu.

Lýsing

Varðan er um 50-60sm há og um 1x1m að grunnfleti.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Brunnárskriða er skriða, sem varð til þegar Brunná var veitt úr farvegi sínum norður milli Klaufarhóla eftir lautum (Löngulaut) norður á Flóann til að mynda áveitu á Torfavatnið, sem er í Reykjalandi.“ (ÖEE: 10).



Mynd 30, horft til norðvesturs yfir austari vörðuna (nr. 80) af tveimur á vestari Klaufarhólnum norðan við Brunná fyrir mynni Sauðadals.



Stóra-Giljá – 81

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða


Staðhættir

Um 460m suðvestur af vaðinu á Brunná er hleðsla á vesturenda melbakka norðan við Skertlutjörn.

Lýsing

Hleðslan er regluleg neðst en efst virðist grjóti frekar hafa verið hrúgað upp en hlaðið. Hleðslan er mest um 30sm há, um 1,5x1m að ummáli frá norðri til suðurs.

Mynd 31, hleðsla (nr. 81) horft til norðvesturs.



Mynd 32, minjar við Giljá þar sem hún sveigir til vesturs fyrir mynni Sauðadals. Hugsanlega kvíar (nr. 83) og sel (nr. 82). Loftmynd Landmælingar Íslands (M14-M-2986).

Stóra-Giljá – 82

Sérheiti: Orrastaðsel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í ornefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Orrastaðahvammur: efstur af Hvömmunum. Þar var fyrrum sel frá Orrastaðum.“ (ÖBB: 4). Um 230m vestur af Sauðadalsvegi um 850m suður af vaðinu yfir Brunná eru minjar á norðurbakka Giljár þar sem hún sveigir til norðvestur.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er um 11x6,5m að ummáli. Hún virðist hafa verið tví-eða þrískipt en innra fyrirkomulag er fremur óljóst að öðru leyti en því að dyr virðast hafa verið til suðausturs. Veggir eru mjög þýfðir og ógreinilegir að innan en skýrari að utan, mest

um 40sm háir og 1,3-3m breiðir. Tóftin stendur á fremur háum en litlum hól en óvíst er hvort hann er náttúrulegur eða hvort byggt hefur verið á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Hvenær var hætt að hafa í Orrastaðaseli er mér ekki kunnugt um, en veit, að það er mjög gamalt sel.“ (ÖEE: 7).

Stóra-Giljá – 83

Sérheiti: Orrastaðasel

Hlutverk: Óþekkt/kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Orrastaðahvammur: efstur af Hvömmunum. Þar var fyrrum sel frá Orrastöðum.“ (ÖBB: 4). Um 230m vestur af Sauðadalsvegi um 850m suður af vaðinu yfir Brunná eru minjar á norðurbakka Giljár þar sem hún sveigir til norðvestur. Suðaustan við meinta seltóft (nr. 82) er aflöng tóft (nr. 83), hugsanlega kvíar.

Lýsing

Tóftin er 16,5m löng frá austri til vesturs og mest 6m breið að austan en er um 4,5m að vestan. Innanmál tóftarinnar er 13,5x1,6-2m. Veggir eru á bilinu 30-70sm háir og um 180sm breiðir, grasi grónir og gróskumeiri en umhverfið.



Mynd 33, horft til norðvesturs yfir Orrastaðsel (nr. 82 og 83) við Giljá fyrir mynni Sauðadals.

Stóra-Giljá – 84

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Skertluflói: liggur suður að Mjóadalsá. Eiturhóll: upp af Skertluflóa.“ (ÖBB: 5). Hleðslan er á háum melhóli (Eiturhóli) um 350m NNA af grjóthlaðinni rétt (nr. 85) við afréttargirðinguna við mynni Sauðadals.

Lýsing

Hleðslan er sporöskjulaga um 120sm löng (A-V) og 90sm breið. Hún er á bilinu 10-30sm há, mikið hrunin. Lyng og mosi grær upp við hleðsluna að norðanverðu en annars eru hleðslan sjálf og melurinn að mestu gróðursnað.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinnsson: „Eiturhóll er strýtumyndaður með vörðubroti efst, austan við Skertluflóa. Þar var oft borið út eitur fyrir refi á vetrum.“ (ÖEE: 9).



Mynd 34, horft til suðurs yfir hleðslu nr. 84, Mjóidalur til vinstri og Sauðadalur til hægri.

Stóra-Giljá – 85

Sérheiti: Mjóadalsrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Fast norðan við afréttargirðinguna við mynni Sauðadals, um 140m austur af ánni Giljá.

Lýsing

Réttin liggur samsíða girðingunni og er girt ofan á suðurvegg hennar. Hún er um 11m löng og 6,5m breið að utanmáli opin til vesturs. Um 5,5m til vesturs er garðlag sem liggur norður-suður og hefur verið hluti af réttinni.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni á Stóru-Giljá var réttin líklega byggð um 1920 og í notkun fram til 1973-75. Vestast í réttinni voru tréþil og stór hlið til norðurs og suðurs (munnl. heimild 18.01.2010). Aldursins vegnar er ekki um eiginlegar fornleifar að ræða, en vegna þess að réttin hefur verið hlaðin úr torfi og grjóti og ber vott um fornt verklag er hún skráð hér og gefið númer.



Stóra-Giljá - 86 (Reykir – 33)

Sérheiti: Reykjabraut (hin forna)

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Reykjabraut liggur vestur frá Reykjum og niður með Giljá. Hin forna Reykjabraut lá þó utar, þráðbeint vestur flóann, og sér ennþá marka þar fyrir henni.“

(PK: 166). Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Reykjabraut hin forna lá um Norðlingahvamm og Húsadal, þaðan um Kammerráðsþytt og austur sunnan við Reykjatún“ (ÖBB: 5).

Lýsing

Óljóst sér móta fyrir slóð til vesturs, utan við túnið á Reykjum milli melhóla vestan við bæinn og áfram vestur og norðvestur eftir flóanum með stefnu á Húsadal, götur eru á melbrúnunum beggja vegna Húsadals og greinilegur vegslóði niður í Norðlingahvamm. Sýnilegur hluti Reykjabrautar hinnar fornu er að mestu í landi Stóru-Giljár leiðin lá sömuleiðis þvert yfir land Reykja.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningu um örnefnaskrá segir: „Reykjabraut hin forna heyrir aldrei nefnd lengur. Það var vegleysa, um mýrar að mestu, og sést lítið eftir af henni, nema örnefni, sem minna á hana. Gamla Reykjabrautin eru kallaðar götuslóðir um Tæpugötu um Gatnamót og austur hjá Reykjum. Nýi vegurinn er svo Reykjabraut. [...] Reiðhólar eru frá fornu fari á leið þeirra, sem riðu hina fornu Reykjabraut, og var þar góður áningastaður. Eyktarmörkin, sem farið var um og eftir yfir flóann, voru Náttmálahóll við Reyki um Reiðhóla og um Skútastein niður Sundamel“ (ÖEE: 8).

Á fyrsta sýslunefndarfundinum í Húnavatnssýslu árið 1875 var ákveðið að veita fé til vegabóta frá Reykjum á Reykjabraut og „austur yfir ásana“ (BG: 24). Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1840 er alfaravegur sagður liggja frá Öxl um svokallaða Axlarbala og út að Giljá, svo út hjá Kringlu og Skinnastöðum eða upp Giljarmela á Reykjabraut upp að Reykjum (SS: 68). Aðal póstleiðin um austursýsluna lá frá Giljá um Reykjabraut, austur með norðurenda Svínavatns og yfir Blöndu á Móvaði rétt ofan ármóta Blöndu og Svartár (BG: 77). Reykjabraut, frá þjóðveginum rétt fyrri sunnan Þúfnalæk að Reykjum var skilgreindur sem sýsluvegur árið 1928 (BG: 165). Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Reykjabraut liggur vestur frá Reykjum og niður með Giljá. Hin forna Reykjabraut lá þó utar, þráðbeint vestur flóann, og sér ennþá marka þar fyrir henni. Bæði legan og nafnið bendir til þess, að þar hafi verið skógur, því að braut merkir í fornu máli veg, sem brotinn er í gegnum skóglendi.“ (PK: 166). Þar sem Reykjabraut gamla liggur eftir gilbarmi við Giljá heitir hún Tæpagata á kafla, en talað er um Gatnamót, þar sem Reykjabraut (gamla) og Sauðadalsvegur koma saman þar fyrir sunnan. Sunnan Langamels austur af Gatnamótum er Vatnsgata svo annað nafn á Reykjabraut.

Stóra-Giljá - 87

Hlutverk: Torfrista/-stunga

Tegund: Heimild

Staðhættir

Torf var samkvæmt Erlendi Eysteinsyni stungið í mýrinni vestur af núverandi fjárhúsum á Stóru-Giljá

Aðrar upplýsingar

Torftökustaður ; torfrista var léleg og reiðingur fenginn á Öxl. Hey voru þakin með torfi til 1957. Í jarðabók frá 1706 kemur fram að torfrista, stunga og reiðingsrista hafi verið bjargleg (ÖS2:4 ; JÁM VIII:305).

Stóra-Giljá - 88

Sérheiti: Steinbogi

Hlutverk: Brú

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir

Í örnefnalýsingu Stóru-Giljár segir: „Skessuhvammur: þar sem skessa stendur. Þar var steinbrú, er Steinbogi hét, yfir ána þar til fyrir 30-40 árum“ (ÖBB: 3), skrifað 1954. Engin líkleg steinbrú fannst í grennd við klettinn Skessu, hins vegar er berggangur við ána um 500m ofar (SA) sem gæti einhvern tíma hafa myndað steinbrú.



Mynd 35, leifar Steinboga ofan við Giljá, horft til norðvesturs.

Lýsing

Um 500m ofan við Skessu er svolítið horn á ánni þar sem hún beygir nánast í norðaustur eftir að hafa runnið til norðvesturs og þrengja klettur að ánni beggjavegna ofan við beygjuna. Að sunnan verðu eru augljósar leifar berggangs sem vel má hugsa sér að hafi skilið eftir sig steinbrú þegar vatni hefur náð að brjóta sér leið í gegnum hann neðanverðan.

Aðrar upplýsingar

Berggangar eru sprungufyllingar sem verða til þegar hraunkvika flæðir um sprungur í jarðveginum og storknar þar, svo eftir verða láréttar eða lóðréttar berghellur.

Stóra-Giljá - 89

Sérheiti: Lestavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Stóru-Giljár og Beinakeldu frá 1891 segir: „Norður frá Beinakeldu er svo kallaður Þúfnalækur sem landi skiptir að norðan frá fossi norður undan Beinakeldu og það[an] vestur á Lestavað yfir lækinn norður undan Stórugiljá gagnvart miðju Lækjargili, þaðan beina línu í mitt Akurssýki [...]“

Lýsing

Miðað við að landamerki dagsins í dag séu óbreytt frá 1891, þá hefur Lestavað verið þar sem Þjóðvegur 1 fer yfir Þúfnalæk á ræsi norðan við vegamót hans og Reykjabrautar [ISN93: N438059 A562893], því þaðan er dregin bein lína vestur yfir Akurssýki. Staðhæfingin að Lestavað fari yfir lækinn gagnvart miðju Lækjargili er hins vegar torskilin, hugsanlega hefur vaðið verið yfir Þúfnalæk gegnt lautinni eða gílinu sem nú nefnist Langalaut (ÖBB: 2). En fyrir mynni Löngulautar eru greinilegar götur yfir Þúfnalækinn [ISN93: N438499 A563053]. Lestavað kemur ekki fyrir í örnefnaskrá.

Stóra-Giljá - 90

Sérheiti: Kvarnarhvammur

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Stóra-Giljár segir: „Kvarnarhvammur: neðsti hvammurinn í gilinu. Þar var vatnsmylla.“ (ÖBB: 1).

Lýsing

Engin ummerki um myllu fundust á vettvangi sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Örugg heimild um myllu á þessum stað er ekki til, en nafnið Kvarnarhvammur bendir þó til þess. Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni er afar ólíklegt að mylla hafi haldist á þessum stað eftir að afi hans og nafni, sem einnig bjó á Stóru-Giljá, byggði á sínum tíma myllu á Beinakeldu. Önnur tilgáta um nafngyft hvammsins er samkvæmt Erlendi sú að hylurinn sem neðsta flúðin í ánni myndar sé hringlaga og minni á kvörn og af því kunni nafnið að vera dregið (munnl. heimild 18.01.2010).

Þjóðsagnastaðir



Mynd 36, kletturinn Skessa við Giljá, horft til suðausturs.

Stóra-Giljá - 91

Sérheiti: Skessa

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir

Í örnefnalýsingu Stóru-Giljár segir: „Skessa: Klettadrangi efst í Skessugljúfrum.“ (ÖBB: 3). Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir Erlendur G. Eysteinson: „Tæpugötugil endar

svo í beygju árinna við Björnsnef, en þá heldur gilið áfram og nefnist Skessugljúfur. Dregur það nafn sitt af steindranga ofan í gilið að norðan, og heitir drangi þessi Skessa.“ (ÖEE: 6).

Lýsing

Stakur klettadrangi við Giljá.

Aðrar upplýsingar

Í áðurnefndum svörum segir Erlendur enn fremur: „Hún hefur höfuð, og sér fyrir, þar sem áður voru handleggir á henni, en eru nú dottnir af. Austur frá gilið er stór grjóthruga [Stóra-Giljá - 37], eins og dys í laginu, og gengur hún undir nafninu Skessa, og hygg ég, að við hana sé átt, þegar talað er um Skessu í daglegu tali, og að svo hafi verið um langan aldur, því kletturinn sést ekki nema af gilbarminum, og um hann vita fáir.“ (ÖEE: 6). Fleiri *Skessu*-örnefni eru á þessum slóðum: Skessuhvammur (ÖBB: 3); Skessugljúfur (ÖBB: 4; ÖEE: 6); Skessumór (ÖBB: 4).

Annar þjóðsagnastaður er Gullsteinn norðan við Þúfnalæk, stór steinn á melbrúninni um 100m norðan Reykjabrautar og annað eins austur af Þjóðvegi 1. Steinninn virðist áður hafa tilheyrt Stóra-Giljá en er í landi Kringlu í dag og var því ekki mældur sérstaklega, né gefið númer í fornleifaskránni. Í íslenskum sögustöðum eftir Kristian Kålund segir: „Bærinni Giljá stendur nærri ármynninu, Stóra-Giljá fyrir norðan á, en Litla-Giljá fyrir sunnan. Stóra-Giljá stendur nær gilið, og er hún meiri bær og er sennilega sú Giljá sem kemur við Kristni sögu og þáttinn af Þorvaldi víðförla. Þar bjó Koðrán faðir Þorvalds. Steinninn stóri, þar sem Friðrekur biskup rak burt ármann Koðráns, er talinn vera fyrir norðan bæinn, er þar spölkorn frá honum mikið bjarg í malarbrekkunni.“²⁴ Í neðanmálsgrein er því bætt við að Jón Ólafsson lýsi steininum ásamt sprungum hans (í Addit. 44,fol).



Mynd 37, steinninn sem áarmaður Koðráns á Giljá á að hafa byggt samkvæmt Þorvalds sögu víðförla.

²⁴ Kristian Kålund (1986), bls. 33.

Minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni

Stóra-Giljá - 92

Hlutverk: Bænhús/Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Engar heimildir eru um staðsetningu bænhússins.

Lýsing

Engar heimildir eru um hvar bænhúsið á að hafa staðið og engar minjar fundust sem talist geta líklegar bænhús leifar.

Aðrar upplýsingar

Í JÁM kemur fram að bænhús var á jörðinni til forna og stóð húsið þá í manna minni en tíðir höfðu ekki veittar í manna minni (JÁM VIII: 304).

Stóra-Giljá - 93

Sérheiti: Nautafjós

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í ornefnaskrá Stóru-Giljár segir að Fjósvöllur sé hluti af túninu þar sem vegurinn er nú, og að Nautafjós hafi staðið á Fjósvelli (ÖBB: 1).

Lýsing

Engar minjar eru í dag sýnilegar á svæðinu sem Fjósvöllur náði yfir.

Stóra-Giljá - 94

Hlutverk: Vörður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Stóru-Giljár og Beinakeldu frá 1891 segir: „[...] í mitt Akursýki sem vísar á stein vestan undir sýkinu og svo sem merkjavörður ráða eptir sömu línu til Húnavatns miðju.“

Lýsing

Þessar vörður fundust ekki á vettvangi sumarið 2009, en þarna er í dag að mestu ræktað land sunnan merkjanna.

Stóra-Giljá - 95

Hlutverk: Vörður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Stóru-Giljár og Beinakeldu frá 1891 segir: „[...] ræður svo áin alla leið að merki því, er stendur á Giljáreyrum, vestan til við ána suðvestur frá Stórugiljá; frá því merki svo beina línu eptir vörðum norðan við Hallstópt í mitt Kænuvik [...]“.“

Lýsing

Þessara varða var ekki leitað á vettvangi sumarið 2009, en búið er að rækta þetta land beggjavegna merkjanna.

Saga Reykja

Reykir eiga land að Stóru-Giljá að vestan og suðvestan, Mosfelli að suðaustan og vatninu Svínavatni að austan. Að norðaustan á jörðin land að Orrastöðum, að norðan liggja saman á smá kafla lönd Stóru-Giljár, Meðalheims og Beinakeldu.

Í Húnaþingi II segir: „Bærinn stendur skammt austan Reykjabrautar við norðurenda Svínadalsfjalls og gnæfir Reykjanibban þar á fjallsöxlinni. Landið nær norðan frá Torfavatni suður að Svínavatni. Þar er kölluð Reykjabót. Gamla túnið var talið grasgefið og löngum var jarðsælt hér og gott til útbeitar. Jarðhiti er steinsnar frá bænum og var þar lengi sundlaug. Nú hefur verið byggður skóli – Húnavallaskóli- og borað eftir heitu vatni skammt frá bænum. Eigendur Húnavallaskóla hafa nú keypt alla jörðina, en jarðhitann eiga Blönduóshreppur 90% og Torfalækjarhreppur 10%.²⁵

Reykir koma að því er virðist fyrst fyrir í máldaga Þingeyrarklausturs, í svonefndu Sigurðarregistri frá 1525.²⁶

Í jarðabók frá 1686 eru Reykir sagðir í einkaeign, metnir á 16 hundruð og 160 álnir, leigukúgildi 5 en leigan 100 álnir. Árið 1695 er jörðin komin í eigu Þingeyrarklausturs, metin á 15hðr, leigukúgildi 5½ og leigan 1hðr.²⁷

Í jarðabók frá 1706 er jörðin nefnd Reykjakot (Reikiakot) en af sumum kölluð Reykir (Reiker). Jörðin er sögð metin á 15 hundruð að dýrleika, landskuld 110álnir og átti að borgast í „öllum gildum dauðum landaurum“ og leigukúgildin fjögur skyldu greidd í smjöri. Í áhöfn jarðarinnar voru tvær kýr, ein tveggjavetra kvíga, 40 ær, fimm tveggjavetra sauðir og eldri, 10 veturgamlir, 30 lömb, þrír hestar, tvö hross og einn veturgamall foli „óvís“. Samkvæmt mati átti jörðin að geta fôðrað tvær kýr, 20 lömb, 40 ær og einn hest, öllu öðru yrði að voga á útingang. Engar kvaðir voru á jörðinni samkvæmt jarðabókinni frá 1706. Torfrista og stunga var bjargleg. Rífhris til kolagjörðar og eldiviðar „hjálplegt“. Silungsveiði í Svínavatni til gagns ef hún væri stunduð og berjalestur hafði verið til gagns en var farinn að ganga sér til þurrðar. Helsti galli jarðarinnar virðist vera staðsetning hennar en langt var til kirkju og „þurfamannaflutningur illur og langur bæði um sumar og vetur.“²⁸

Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1840 segir um Reyki að jörðin sé góð „landrýmis- og hagbeitarjörð“ að túnið sé gott en heyskapur reytingslegur.²⁹

Í jarðabók frá 1847 eru Reykir sagðir í bændaeign metnir 15hðr, landskuld 80 álnir og kúgildi 4, en neðanmáls segir að hreppstjóri telji kúgildin aðeins 3.³⁰

Í jarðabók frá 1861 eru Reykir sagðir metnir á 15hðr. að fornu mati en 25,5hðr að nýju.³¹

Reykjasel

²⁵ *Húnaþing II*, bls. 266.

²⁶ *Ísl. Fornbréfasafn IX*, bls. 314.

²⁷ Björn Lárusson (1967), bls. 235.

²⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1926), bls. 322-323.

²⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, bls. 67.

³⁰ J. Johnsen (1847), bls. 235.

³¹ *Ný jarðabók* (1861), bls. 93.

Í Sauðadal upp í mynni Mjóadals að sunnan var Mjóadalssel öðru nafni Reykjasel og mun það hafa verið í notkun langt fram á 19. öld.³²

Húnavallaskóli var byggður á árunum 1965-69 á 5ha lóð úr landi Reykja en árið 1975 keyptu rekstraraðilar skólans alla jörðina.³³

³²Hjördís Gísladóttir (1989), bls. 308.

³³Bragi Guðmundsson (1992), bls. 300.

Reykir á Reykjabraut

N

11 10 12 9 8 14 7 6 1 2 3 5

Eftirgjafarúllur Hvasskinn Lofn-tögnarúllur Gjóstunga Spæðhall Hlauskinn

0 50 100 M

51



Mynd 39, horft til suðurs heim að Reykjum á Reykjabraut, Reykjanibba í baksýn. (Mynd: Bruno Schweizer BS 2904, Tímatákn ehf.).

Reykir - 1

Sérheiti: Reykir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Núverandi íbúðarhús (byggt 1936) stendur á svipuðum slóðum og gamli torfbærinn stóð áður.

Lýsing

Íbúðarhúsið frá 1936 var reyst á suðurhluta gamla bæjarins og stóð hluti hans áfram norðan við húsið en var síðar rifinn (munnl. heimild. Erlendur G. Eysteinnsson 11.8.2009). Í dag er búið að jafna öllu út umhverfis húsið og engar menjar um gamla bæinn eru sýnilegar á yfirborði.

Reykir - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er fjósið sýnt skammt sunnan við bæ á svonefndri Fjóstungu.

Lýsing

Þarna er í dag bílastæði og engar minjar sjáanlegar á yfirborði.

Reykir - 3

Hlutverk: Heimreið/Tröð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er heimreiðin sýnd liggja til austurs frá bænum í boga til suðausturs út af túninu.

Lýsing

Sé túnakortið lagt yfir loftmynd virðist heimreiðin hafa legið niður túnið beint niður (austur) af bænum norðan við núverandi heimreið en svo beygt inná veginn austur við lækinn, þar sem

núverandi heimreið beygir til norðvesturs heim að bænum. Leifar þessarar heimreiðar sáust ekki í túninu. Hnit voru tekin eftir túnakortinu sem var lagt yfir loftmynd og verður að hafa fyrirvara á nákvæmni þeirra.

Aðrar upplýsingar

Notast var við svarthvíta loftmynd M14-M-3016 frá Landmælingum ehf. og var hún og túnakortið hnitsett af starfsmönnum Byggðasafnsins. Túnakortið og loftmyndin féllu vel saman en þó má búast við nokkurri skekkju, allt að 5-20m.

Reykir - 4

Hlutverk: Óþekkt/Túngarður

Tegund: Hryggur

Staðhættir

Syðst í túninu er hryggur sem liggur samsíða Reykjabraut, en um 20m norðar.

Lýsing

Hryggurinn er algróinn um 10 sm hár og um 3m breiður.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega túngarður sem hefur verið sléttaður við túnrækt. Hryggurinn virðist þó ekki samræmast vel útlínunum túnsins miðað við túnakortið frá 1920.

Reykir - 5

Hlutverk: Óþekkt/Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús á Hólstúni, um 80m suður af gamla bænum á Reykjum.

Lýsing

Þetta hús eða leifar þess fundust ekki á vettvangi sumarið 2009.



Mynd 40, horft til austurs, íbúðarhúsið á Reykjum til vinstri og Húnavallaskóli fjær fyrir miðri mynd. Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu fjárhús(nr. 7) og matjurtagarður (nr. 6) á þessum slóðum.

Reykir - 6

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er sýndur matjurtagarður um 40m vestan (VSV) við gamla bæinn á Reykjum, austast á svonefndu Egilstúni. Túnakortið snýr ekki alveg rétt við áttum og eru áttahorfin innan sviga nær lagi.

Lýsing

Minjar þessa matjurtagarðs fundust ekki á vettvangi sumarið 2009, þarna er tún í dag.

Reykir - 7**Hlutverk:** Óþekkt/Fjárhús**Tegund:** Hóll/Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús tæpa 60m norðvestan (vestan) við bæ á svonefndu Egilstúni, um 20m norðan (norðvestan) við matjurtagarð (nr. 6). Túnakortið snýr ekki alveg rétt við áttum og eru áttahorfin innan sviga nær lagi.

Lýsing

Tóftalegur hóll er í túninu á þessum slóðum sem gæti vísað á leifar þessara húsa, en engar hleðslur voru greinanlegar.

Reykir - 8**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús rúma 100m austur (ANA) af gamla bænum á Reykjum og önnur hús um 5m norðar og austar.

Lýsing

Þessi hús eða leifar þeirra fundust ekki við vettvangsrannsókn sumarið 2009.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni voru þetta hesthús og hestarétt sunnan við þau.

Reykir - 9**Hlutverk:** Óþekkt/Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd útihús rúma 100m austur (ANA) af gamla bænum á Reykjum og önnur hús um 5m norðar og austar.

Lýsing

Þessi hús eða leifar þeirra fundust ekki við vettvangsrannsókn sumarið 2009.

Reykir - 10**Hlutverk:** Óþekkt/Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd tvenn útihús nyrst í túninu, önnur á svonefndum Neðribæjarvelli um 170m norður (NNV) af bænum, hin um 25m norðvestar á svonefndum Efribæjarvelli.

Lýsing

Þessi hús eða leifar þeirra fundust ekki við vettvangsrannsókn sumarið 2009.

Reykir - 11**Hlutverk:** Óþekkt/Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd tvenn útihús nyrst í túninu, önnur á svonefndum Neðribæjarvelli um 170m norður (NNV) af bænum, hin um 25m norðvestar á svonefndum Efribæjarvelli.

Lýsing

Þessi hús eða leifar þeirra fundust ekki við vettvangsrannsókn sumarið 2009.

Reykir - 12

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Gamli túngarðurinn sést á kafla þar sem liggur til norðausturs meðfram bæjarlæknum og svo þar sem hann liggur til norðvesturs frá honum, tæpa 170m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing

Óljóst garðlag er meðfram norðurbakka lækjarins neðan (austan) við ræsið sem er á honum norðvestan við Húnavallaskóla. Garðlagið sést á um 50m kafla og er um 20-30sm hátt og um 110sm breitt, algróið og liggur suðvestur-norðaustur. Garðurinn þverbeygir í 90° um 50m neðan við ræsið og tekur þá við einföld grjóthleðsla 10-40sm há og um 110sm breið ögn slitrótt á um 30m kafla til norðvesturs, eftir það tekur við stæðilegri garður á um 40m kafla, um 20-70sm hár og um 120sm breiður, grasi gróin og að mestu uppistandandi þótt hrúnið hafi úr honum á köflum. Um 20m eyða er þá á garðinum en hann hefur beygt lítilla í norður, en þar er hann stæðilegastur, um 50-130sm hár og um 150sm breiður og algróinn.

Aðrar upplýsingar

Þessi garðbrot falla vel að túngirðingunni eins og hún er sýnd á túnakortinu frá 1920. Samkvæmt túnakortinu var túnið í mörgum misstórum pörtum alls 5,5ha og þar af voru 5/7 hlutar sléttir.

Reykir - 13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Um 115m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi á Reykjum eru leifar garðlags sem myndar gleiðan vinkel upp við túngarðinn innanverðan.

Lýsing

Garðlagið lokar af svolítið lægðardrag sem er norðvestan við lækinn. Að vestan er það líkast bakka, um 30-40sm hátt og um 20m langt, en um 1m breitt greinilegt garðlag er að norðan um 27m langt og nær ekki alveg upp að túngarðinum þar sem hann liggur eftir lækjar-



Mynd 41, horft til vesturs (VNV) eftir túngarðinum norðaustan við gamla túnið á Reykjum.



bakkanum. Garðlagið er algróið en þó sést grjót á stöku stað, túngarðurinn er sömuleiðis algróin á þessum kafla og fremur óljós, um 110sm breiður og um 20-30sm hár.

Reykir - 14

Hlutverk: Óþekkt/rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 eru sýnd tvenn útihús austur af bæ á Reykjum og hólf við sunnan við syðri húsin. Garðlag er neðan (austan) við veginn sem liggur til norðurs útúr beygjunni á afleggjaranum heim að Reykjum, hugsanlega leifar réttarinnar.

Lýsing

Garðlagið er um 40sm hátt og um 1m breitt og stendur á um 11m kafla. Garðurinn er að mestu gróinn en grjóthleðslur sjást í þar sem rofnað hefur úr honum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni hestarétt sunnan við syðri húsin sem voru hesthús og hugsanlega eru þetta leifar þessarar réttar, þrátt fyrir að stemma ekki fullkomlega við túnakortið frá 1920.



Mynd 42, horft til norðurs eftir garðlagi neðan við veginn sem liggur til norðurs útúr beygjunni á afleggjaranum heim að Reykjum.

Reykir - 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Suðaustan við bæjarlækinn gegnt meintum sundpolli (nr. 13) er lítil þúst skammt frá lækjarbakkanum.

Lýsing

Þústin er grasi gróin, um 30sm hærri en umhverfið nokkurnvegin ferhyrnd, um 3,5m á kant.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þetta leifar lítills kofa.

Reykir - 16

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Stekkur er á gróinni melbungu sunnan við lækinn sem rennur til norðaustur frá Reykjum, um 340m norðaustur af Húnavallaskóla.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er tvískipt, stærra hólfið að suðvestan er um 3x3,5m að innanmáli, með hlið syðst á austurvegg meðfram veggstubbi sem gengur um 3m til suðausturs Litla hólfið að norðaustan er 2,5x1,3m að innanmáli með engar greinilegar dyr eða hlið. Veggir



tóftarinnar eru um 20-40sm háir og víðast á bilinu 1-1,6m breiðir, nema milliveggurinn milli hólfanna tveggja sem er um 30sm breiður.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er með dæmigerðu stekkjarlagi, rétt með aðrekstrargarði og lítil lambakró áföst að norðan.

Reykir - 17

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir



Um 200m norðaustan við áður nefnda tóft (nr. 16) er önnur tóft á bakkanum sunnan við lækinn sem rennur til norðaustur frá Reykjum.

Lýsing

Tóftin er samsíða læknum og snýr suðvestur-norðaustur alls um 16x9m að ummáli. Stórt hólf, er að suðaustan 8,5x3m að innanmáli, veggbrót gengur út frá suðausturvegg um mitt hólf og skiptir því í tvennt, hugsanlega er þó um hrun að ræða fremur en eiginlegan vegg. Að norðvestan eru að því er virðist tvö lítil hólf, það vestara um 130sm á kant en hitt 2x1,6m (SV-NA). Veggir eru 20-40sm háir og á bilinu 1-2m breiðir, hátt gras og mikil sina er í tóftinni og umhverfis hana og gerir erfitt að greina nákvæma lögun og útlit minjanna.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega er hér um stekk að ræða, stóra rétt og tvískipta eða stóra lambakró sem hrúnið hefur inni.



Reykir - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er um 250m norðaustur af íbúðarhúsinu á Reykjum, rúma 80m norðaustur af gamla túngarðinum (nr. 12).

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður suður og er 6x5m að utanmáli, 3x25m að innan og með dyr syðst á austurvegg. Tóftin er gróin grasi og mosa, grjótt sést á stöku stað í veggjum sem eru á bilinu 30-50sm háir og 140-160sm breiðir.

Reykir - 19

Hlutverk: Óþekkt/rétt/stekkur



Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er í gömlum og gróskumiklum vatnsfarvegi norðan við austurenda nýræktar á melunum norðaustur af Húnavallaskóla. Nánar til tekið um 530m austnorðaustur af skólanum og um 70m vestnorðvestur af tóft nr. 17.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður suður og er mest um 12x9,5m að utanmáli með hlið út syðst á austurvegg. Innanmál er 8,5x5,5m og veggir á bilinu 30-60sm háir og 1,3x3m breiðir. Hugsanlega er hólf að norðvestan, 1x6m að innanmáli, en hér gæti einnig verið um hrun úr vesturveggnum að ræða. Tóftin er að mestu gróin grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur inn á milli.



Reykir - 20

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt/rétt/heyttóft

Hættumat: Tóftin er að blása upp og er í hættu af þeim sökum.

Staðhættir

Tóftin er neðan (SV) við vegslóða sem liggur meðfram melunum norðaustan við votlendisflóann sem gengur til vesturs inní land Reykja frá Svínavatni. Rúmlega 1km norðaustur af Húnavallaskóla og um 520m frá Svínvetningabraut þar sem hún sveigir fyrir vesturenda Svínavatns.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er um 9x6,5m að utanmáli. Engar greinilegar dyr eða hlið eru á tóftinni en hugsanlega hefur verið gengið útum suðausturendann. Veggir eru um 30-50sm háir, þýfðir og falla vel inní umhverfið, grónir grasi, mosa og lyngi.

Reykir - 21

Hlutverk: Óþekkt/Heytóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Heytóft eða heygarður virðist vera á grónum melhól í miðri mýrinni austast í landi Reykja rúma 300m vestur af Svínavatni.

Lýsing

Óljós veggjalög 5-10sm há og greinileg gróðurskil eru efst á hólnum á um 5x5m svæði og fuglaþúfa suðvestast.

Aðrar upplýsingar

Vegna tímabundinnar bilunar í gps-tæki var ekki unnt að hnitsetja heytóftina á vettvangi og var punktur því tekinn af loftmynd og má gera ráð fyrir nokkurri skekkju á honum.



Mynd 43, horft til vesturs yfir heystæði í flóanum vestur af Svínavatni.

Reykir - 22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Vörðubrot er á klapparnibbu á melhrygg um 1km norðaustur af íbúðarhúsinu á Reykjum og hugsanlegt smalabyrgi suðaustan við hana.

Lýsing

Varðan sjálf er um 50sm að ummáli og um 30-40sm há en hún stendur á klapparnibbu sem er um 140-150sm hærri en umhverfið.



Mynd 44, varða og hugsanlegt smalabyrgi á klapparhóli í mýrlendinu norðaustur af Reykjum, horft til norðvesturs.

Reykir - 23

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Tóft/Hleðsla

Staðhættir

Vörðubrot er á klapparnibbu á melhrygg um 1km norðaustur af íbúðarhúsinu á Reykjum og hugsanlegt smalabyrgi suðaustan við hana.

Lýsing

Stórar steinhellur (allt að 60x60sm) mynda eins og litla tóft suðaustan við vörðuna. Hellurnar liggja nú að mestu flatar en virðast hafa staðið uppá rönd og myndað lítið byrgi, um 1x2m að innanmáli, opið til suðausturs. Vegg hæð er nú um 10sm og breiddin 40-60sm. Tóftin er óljós gróin grasi, mosa og lyngi, líkt og umhverfið.

Reykir - 24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinlögn

Staðhættir

Norðan við túnið á Reykjum er búið að ræsa fram stóran hluta mýrlendisins, vestan við það eru þurrir melhryggir og ásar. Á a.m.k. tveimur þeirra mótar fyrir hleðslum, norðari hleðslan er minni og óljósari um 680m norðvestur af íbúðarhúsinu á Reykjum.

Sú syðri er 70m suðvestur af hinni fyrri og er stórgerðari og mun meira áberandi.

Lýsing

Steinlögnin er næsta hringlaga um 2,5m í þvermál, steinarnir eru flestir á bilinu

15-20sm á kant og virðist hafa verið kastað í haug fremur en að um eiginlega hleðslu sé að ræða. Steinlögnin er ofarlega á melásnum og stendur ögn hærra en umhverfið 20-30sm og með um 30sm hárra fuglapúfu efst.

Aðrar upplýsingar

Þessi steinlögn er ekki ólík þekktum lýsingum á heiðnum gröfum eða kumlum hvað útlit og staðsetningu snertir en ómögulegt er að fullyrða að um kuml sé að ræða án frekari rannsóknar.



Mynd 45, steinlögn eða hleðsla á lágum grónum melhrygg um 680m norðvestur af íbúðarhúsinu á Reykjum.

Reykir - 25

Hlutverk: Óþekkt/Eyktarmark

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Norðan við túnið á Reykjum er búið að ræsa fram stóran hluta mýrlendisins, vestan við það eru þurrir melhryggir og ásar. Á a.m.k. tveimur þeirra mótar fyrir hleðslum, norðari hleðslan er minni og óljósari um 68m norðvestur af íbúðarhúsinu á Reykjum. Sú syðri er 70m suðvestur af hinni fyrri og er stórgerðari og mun meira áberandi.

Lýsing

Grjótið í þessari hleðslu er mun stærra og grófara en í steinlögninni nr. 21, allt að 40x40sm hnullungar. Hleðslan stendur á hæsta punkti lágs meláss og sjálf um 30-40sm há og 1,5x1,2m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Erlendi Eysteinsyni á Stóru-Giljá heitir hóllinn sem hleðslan er á Náttmálahóll og því sennilegt að þessi hleðsla hafi verið notuð sem eyktarmark frá Reykjum (munnl. heimild. 11.8.2009).



Mynd 46, hleðsla (nr. 25) á grónum melhrygg um 620m norðvestur af íbúðarhúsinu á Reykjum.

Reykir - 26

Hlutverk: Heytóft/heygarður


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftin er norðarlega í landi Reykja á lágum hólhrygg í votlendinu austan við vegslóða sem liggur meðfram hitaveitulögnunum til norðurs frá Reykjum til Blönduóss.

Lýsing

Tóft er aflöng frá norðvestri til suðausturs alls um 6x4m að ummáli. Að norðan er sléttur flötur um 40sm hærri en umhverfið og syðst er hringlaga flötur sem stendur um 10sm hærra og er með óljósar veggjaleifar að austan og steina í röð meðfram útbrún að norðvestan. Tóftin er öll grasi gróin og heldur gróskumeiri en umhverfið.



Mynd 47, hleðslur (nr. 27 og 28) í hliðinni fyrir ofan (sunnan) Reyki. Horft til norðurs, Reykir fyrir miðri mynd í baksýn og Húnavallaskóli til hægri.

Reykir - 27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Tvær vörður eru hlið Reykjanibbu um 750m sunnan við íbúðarhúsið á Reykjum.

Lýsing

Norðaustari varðan er um 60sm há og um 80x80m í ummál, grjóthlaðin á sléttu klöpp.

Reykir - 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Tvær vörður eru hlið Reykjanibbu um 750m sunnan við íbúðarhúsið á Reykjum.

Lýsing

Suðvestari varðan er um 110x110sm á kant og um 40-50sm há, ögn hrúnin.

Reykir - 29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Stök varða er á grónum melhrygg um 340m VSV af afleggjaranum heim að Steinholti 8.

Lýsing

Varðan er um 1m á kant og 20-40sm há, ólöguleg og nokkuð hrunin.

Reykir - 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla/varða

Staðhættir

Vestan við vegslóða sem liggur til suðurs frá Reykjabraut gegnt afleggjaranum heim að Reykjum, um 60m sunnan við Reykjabraut.

Lýsing

Ólöguleg varða eða hrúga af grjóti, um 50sm há og 150sm í þvermál.



Mynd 48, hleðsla (nr. 30) ofan (sunnan) við Reykjabraut, Húnavallaskóli í baksýn.

Reykir - 31

Hlutverk: Torfrista/-stunga

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók er torfristu getið á Reykjum en óvíst hvar nákvæmlega það hefur verið tekið.

Lýsing

Engin augljós torftökustaður fannst á vettvangi 2009, en líklega hefur mátt taka torf víða í mýrunum umhverfis bæinn.

Aðrar upplýsingar

Árið 1706 er torfrista og stunga sögð bjargleg á Reykjum (JÁM VIII: 323).

Reykir – 32 (Stóra-Giljá - 86)

Sérheiti: Reykjabraut (hin forna)

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Reykjabraut liggur vestur frá Reykjum og niður með Giljá. Hin forna Reykjabraut lá þó utar, þráðbeint vestur flóann, og sér ennþá marka þar fyrir henni.“ (PK: 166). Í örnefnaskrá Stóru-Giljár segir: „Reykjabraut hin forna lá um Norðlingahvamm og Húsadal, þaðan um Kammerráðsþytt og austur sunnan við Reykjatún“ (ÖBB: 5).

Lýsing

Óljóst sér móta fyrir slóð til vesturs, utan við túnið á Reykjum milli melhóla vestan við bæinn og áfram vestur og norðvestur eftir flóanum með stefnu á Húsadal, götur eru á melbrúnunum beggja vegna Húsadals og greinilegur vegslóði niður í Norðlingahvamm. Leiðin er að mestu í landi Stóru-Giljár.

Aðrar upplýsingar

Í svörum við spurningu um örnefnaskrá segir: „Reykjabraut hin forna heyrir aldrei nefnd lengur. Það var vegleysa, um mýrar að mestu, og sést lítið eftir af henni, nema örnefni, sem minna á hana. Gamla Reykjabrautin eru kallaðar götuslóðir um Tæpugötu um Gatnamót og austur hjá Reykjum. Nýi vegurinn er svo Reykjabraut. [...] Reiðhólar eru frá fornu fari á leið

þeirra, sem riðu hina fornu Reykjabraut, og var þar góður áningastaður. Eyktarmörkin, sem farið var um og eftir yfir flóann, voru Náttmálahóll við Reyki um Reiðhóla og um Skútastein niður Sundamel“ (ÖEE: 8).

Á fyrsta sýslunefndarfundinum í Húnavatnssýslu árið 1875 var ákveðið að veita fjár til vegabóta frá Reykjum á Reykjabraut og „austur yfir ásana“ (BG: 24). Í Sýslu- og sóknalýsingu frá 1840 er alfaravegur sagður liggja frá Öxl um svokallaða Axlarbala og út að Giljá, svo út hjá Kringlu og Skinnastöðum eða upp Giljarmela á Reykjabraut upp að Reykjum (SS: 68). Aðal póstleiðin um austursýsluna lá frá Giljá um Reykjabraut, austur með norðurenda Svínvatns og yfir Blöndu á Móvaði rétt ofan ármóta Blöndu og Svartár (BG: 77). Reykjabraut, frá þjóðveginum rétt fyrri sunnan Þúfnalæk að Reykjum var skilgreindur sem sýsluvegur árið 1928 (BG: 165). Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka: „Reykjabraut liggur vestur frá Reykjum og niður með Giljá. Hin forna Reykjabraut lá þó utar, þráðbeint vestur flóann, og sér ennþá marka þar fyrir henni. Bæði legan og nafnið bendir til þess, að þar hafi verið skógur, því að braut merkir í fornu máli veg, sem brotinn er í gegnum skóglendi.“ (PK: 166). Þar sem Reykjabraut gamla liggur eftir gilbarmi við Giljá heitir hún Tæpagata á kafla, en talað er um Gatnamót, þar sem Reykjabraut (gamla) og Sauðadalssvegur koma saman þar fyrir sunnan. Sunnan Langamels austur af Gatnamótum er Vatnsgata svo annað nafn á Reykjabraut.

Reykir - 33

Sérheiti: Reykjalaug

Hlutverk: Sundstaður/sundlaug

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sundlaugin frá 1926 stóð samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni á Stóru-Giljá um 50m suður af bæ á Reykjum (munnl. heimild 18.01.2010). Óvíst er um staðsetningu elstu lauganna en líklega hafa þær verið á svipuðum slóðum.

Lýsing

Sunnan við íbúðarhúsið á Reykjum er í dag malarborið bílastæði og sunnan við það hitaveituskúr yfir borholu þar sem sundlaugin var síðast.

Aðrar upplýsingar

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840 segir: „Laug er hjá bænum Reykjum á Reykjabraut, og víða er þar í kring hiti í jörðu og volgar afætur.“ (SS: 65). Í Árbók Ferðafélagsins segir að sundkennsla hafi byrjað um 1820 á Reykjum á Reykjabraut. (sbr. GB: 246) Í *Föðurtúni* segir Páll Kolka frá sundlauginni á Reykjum á Reykjabraut árið 1823, þá voru þar um tuttugu nemendur í sundkennslu. Vatni var veitt í lægð og torfgarður hlaðinn fyrir framan. (PK: 164-65). Undir lok 19. aldar veitti Alþingi sýslunefndum fé til sundkennslu og var því m.a. varið til uppbyggingar og sundkennslu á Reykjum á Reykjabraut. Fjórtán dagsverk fóru þá í að stinga torf í garðinn við laugina, flytja efnið að og hlaða. Bóndinn á bænum sá um verkið og fékk laun fyrir, auk bóta fyrir átroðning á túni og annað ónæði fram yfir aldamót (GB: 247). Steinsteyptir garðar leystu torfgarðan umhverfis sundpollinn af árið 1915 en eiginleg sundlaug var ekki steipt fyrr en 1926 (GB: 250-252). Samkvæmt Erlendi G. Eysteinsyni á Stóru-Giljá var laugin um 20x8m og dýpst í austurendann. Steypta lögin stóð um 50m suður af bæ og telur Erlendur að eldri laugar hafi verið á samastað.

Minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni

Reykir - 34

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild/Varða

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Reykja frá árinu 1891 segir: „Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu til norðurs á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja [...]“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Reykir - 35

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild/Varða

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Reykja frá árinu 1891 segir: „Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu til norðurs á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja: síðan enn til norðurs á vörðu, þá er stendur skammt fyrir vestan svokallað Hrísholt; [...]“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Reykir - 36

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild/Varða

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Reykja frá árinu 1891 segir: „Að austan, móts við Orrastaðaland, eru merki frá Jörundarþúfu til norðurs á vörðu, er stendur norðast á holtum milli Orrastaða og Reykja: síðan enn til norðurs á vörðu, þá er stendur skammt fyrir vestan svokallað Hrísholt; þá liggja merkin til útvesturs í vörðu þá, er stendur í miðjum Álptatanga; [...]“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Reykir - 37

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild/Varða

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Reykja frá árinu 1891 segir: „[...] Svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við Meðalheimsland allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk, og nú stendur varða hjá; [...]“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Reykir - 38

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild/Varða

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Reykja frá árinu 1891 segir: „[...] Svo eiga Reykir land ofan með Torfalæk að sunnan, móts við Meðalheimsland allt þar til kemur ofan að þverlæk, sem fellur í Torfalæk,

og nú stendur varða hjá; svo er stefna rjett til vesturs í svonefndan Grenshól; síðan til útvesturs í vörðu á Egilsholti; [...].“

Lýsing

Vörðunnar var ekki leitað á vettvangi.

Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir. Þegar jörðum til skráningar innan hreppsins var forgangsraðað var m.a. tekið mið af hættunni sem minjum er búinn á tilteknum jörðum, s.s. vegna landbrots, skógræktar, jarðræktar eða annarra hugsanlegra framkvæmda. Ellefu jarðir voru valdar til skráningar árið 2009, það voru auk Stóru-Giljár og Reykja, jarðirnar Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóri-Dalur, Auðkúla, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir.

Beinakelda var fyrrum hjáleiga frá Stóru-Giljá en var sjálfstæð jörð með sérstakt jarðanúmer í jarðabókinni frá 1847 og verður því skráð síðar, þótt hún hafi lengi fyrir og eftir 1847 verið í eigu Giljábænda. Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar einskorðast við heimalönd Stóru-Giljár og Reykja og seljum þessara bæja á Sauðadal er sleppt, en eðlilegast er að skrá Sauðadalinn sem eina heild þar sem hann er sameiginlegt land fleiri jarða.

Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 133 minjar á jörðunum tveimur og þar af voru 9 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 124 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 96 sýnilegar á yfirborði en 28 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Nákvæmni staðsetninga af þessu tagi er þó ekki án fyrirvara og í hnitatöflum aftast í skýrslunni eru gefin upp skekkjumörk þar sem það á við.

Jörð	Fjöldi fornleifa*	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Stóra-Giljá	95	18	4	23%
Reykir	38	10	5	39%
Alls	133	28	9	28%

*Hér er átt við minjar sem skráðar voru upp úr heimildum og sem fundust á vettvangi.

Minjar í landi Stóru-Giljár

Minjar í landi Stóru-Giljár eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld, leifar beitarhúsa, stekkja og rétta fjær bæ auk mikils fjölda grjóthleðslna af ýmsu tagi. Þá eru leifar tveggja selja í landi Giljár fyrir mynni Sauðadals.

Gamli bærinn, útihúsin og flestar minjar heima við tún eru horfnar, þó sér móta fyrir hrygg í túninu þar sem gamli túngarðurinn hefur staðið (nr. 12). Helstu minjarnar fjær bænum eru stekkur í Þúfnalækjargili (nr. 18), leifar stekkja og fleiri minja í Norðlingahvammi (nr. 27-31), gamla skilaréttin í Réttarhvammi (nr. 33) og líklega stekkur á nesinu við Neshvamm, beitarhúsatóftir suðaustur af Beinakeldu (nr. 41), hugsanlegur stekkur í Húsadal (nr. 48) og annar í mólendinu rétt sunnan við dalinn (nr. 50). Hugsanleg beitarhús á Litlahóli eru svo óljós að erfitt er að fullyrða nokkuð um þau og jafnvel ekki útilokað að um tóftalega náttúrumyndun sé að ræða. Upp með Giljanni fyrir minni Sauðadals er fjöldi áhugaverðra minja m.a. gömul skilarétt sunnan við ármót Giljár og Brunnár (nr. 61). Þá eru Geirstóftir rétt framan við þar sem Sauðadalsvegur fer á vaði yfir Brunná, heil þyrping tófta frá mörgum tímaskeiðum að því er virðist og að hluta til mjög gamlar minjar (nr. 63-73). Ofar upp með

Brunná eru að auki leifar hugsanlegra beitarhúsa (nr. 76) og annarrar smátóftar (nr. 77) og stórrar gamallegrar tóftar (nr. 78). Enn lengra upp með Giljá eru svo leifar Orrastaðsels í Orrastaðahvammi (nr. 82-83) og við girðinguna sem fyrir mynni Sauðadals er torfhlaðin rétt frá 20. öld.

Upp með Giljanni og víðar á melunum austan heimatúnsins og norðan Húsadals eru grjóthleðslur af ýmsum stærðum, fá vörðunefnum að stórum grjóthrúgum, erfitt er að segja til um uppruna þeirra allra en stór hluti þeirra a.m.k. er rakinn til fjármanns frá Beinakeldu, Gests Bjarnasonar (f. 1842, d. 1919), sem gerði sér það til dundurs meðan hann sat yfir fé, að draga saman grjót í hrúgur.

Minjarnar voru eins og verða vill í misgóðu ástandi á Stóru-Giljá flokkuðust engar minjar undir það að vera „heillegar“, 12 töldust „vel greinanlegar“, 43 „greinanlegar“ og 18 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Minjar í fyrirsjáanlegri hættu eru ekki margar á Stóru-Giljá, þó eru nokkrar sem af ýmsum sökum geta orðið fyrir raski að óbreyttu. Stekkur (nr. 27) í Norðlingahvammi er í um 12m fjarlægð frá Giljanni og stendur lágt og er því hættu af flóðum í ánni. Hluti tóftanna á Geirstófum er fast við vegslóðann fram á Sauðadal, Sauðadalsveg. Umferð um veginn hefur skapað rof í bökkum tveggja minja (nr. 64 og 65) en þrjár aðrar tóftir liggja fast við veginn og eru sömuleiðis í hættu (nr. 66, 71 og 73).

Nr.	Fvr.nr.	Tegund	Annað	Hlutverk	Hættumat	Hætta vegna
27	11586	tóft		stekkur	hætta	landbrots
64	11623	hóll	tóft	óþekkt	hætta	umferðar
65	11624	tóft		óþekkt	hætta	umferðar
66	11625	tóft		óþekkt	hætta	umferðar
71	11630	þúst		óþekkt	hætta	umferðar
73	11632	tóft	tóftaþyrping	híbyli	hætta	annað

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær getið orðið fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar til kynningar eða rannsókna

Aldur og eðli byggðar á Geirstóftum (nr. 63-73) er áhugavert rannsóknarefni, sem og aldur og eðli tóftanna lengra upp með Brunná (nr. 76-78).

Minjar í landi Reykja

Lítið er eftir af sýnilegum minjum í landi Reykja, bærinn og öll útihús eru horfin vegna sléttunar eða annarra framkvæmda, enn sér þó eftir af túngarðinum austan við túnið og fjær bænum lengra til austurs eru leifar a.m.k. þriggja hugsanlegra stekkja (nr. 16, 17 og 19) og lítillar réttar eða heytóftar enn lengra (nr. 20). Tvö önnur líkleg heystæði fundust annars vegar í flóanum nyrst í landi Reykja (nr. 26) og hins vegar í flóanum vestur af Svínavatni (nr. 21).

Á Reykjum flokkuðust engar minjar undir það að vera „heillegar“, 1 taldist „vel greinanleg“, 13 „greinanlegar“ og 6 „illgreinanlegar“. Þessar skilgreiningar byggja á stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá árinu 2008, sjá nánar um þessa staðla á heimasíðu á Fornleifaverndar: <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>

Minjar í hættu

Nr	Fvr.nr	Tegund	Hlutverk	Annað	Hættumat	Hætta vegna
14	11664	garðlag	óþekkt		hætta	rofs
20	11670	tóft	óþekkt	rétt/heytóft	hætta	uppblásturs/áfoks

Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrir sjáanlegt að þær getið orðið fyrir skemmdum.

Áhugaverðar minjar til kynningar eða rannsókna

Leifar meintra stekkja 300-500m austur af Húnavallaskóla (nr. 16, 17 og 19), eru minnisvarðar fornra búshátta sem ekki eru lengur við lýði á Íslandi en höfðu fram að aldamótunum 1900 verið hluti af lífi fólks í sveitum í aldaraðir. Þessar minjar eru vel staðsettar með tilliti til fræðslu og kynningar fyrir nemendur Húnavallaskóla.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverja hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

AF – Adolf Friðriksson (2004). „Haugar og heiðni: Minjar um íslensk járnaldarsamfélag“. Í *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafni* (bls. 56-63). Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

BG – Bragi Guðmundsson. (1992). *Héraðsstjórn í Húnaþingi*. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu: Akureyri.

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. C.W.K. Gleerup: Lund.

DI II - Íslenzkt Fornbréfasafn II. (1893). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

DI IX - Íslenzkt Fornbréfasafn IX. (1909-1913). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

Húnaþing II. (1978). Ritstj. Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur-Húnavetninga o.fl.: Akureyri.

Íslendinga sögur VI. bindi. (1946). Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík.

KE – Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. (2. útg.). Mál og menning: Reykjavík.

Kristian Kålund (1986). Íslenskir Sögustaðir III- Norðlendingafjórðungur. Bókaútgáfan Örn og Örlygur: Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskupun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn.

SS – *Sýslu- og Sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. I. Húnavatnssýsla*. (1950). Bókaútgáfan Norðri: Akureyri.

Aðrar heimildir

„Landamerkjaskrá fyrir Stórugiljá og Beinakeldu“. Landamerkjaskrá nr. 230, dags. 26. maí 1891.

„Merkjaskrá fyrir jörðinni Reykjum í Torfalækjarhreppi“. Landamerkjaskrá nr. 231, dags. 26. maí 1891.

Túnakort Reykja, mælt af Hannesi Jónssyni, frá 1920.

Túnakort Stóru-Giljár, mælt af Hannesi Jónssyni, frá 1920.

ÖBB – *Örnefnaskrá Stóru-Giljár og Beinakeldu*. (1954). Björn Bergmann skráði eftir Sigurði Erlendssyni. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖEE – *Stóra-Giljá – Svör við spurningum*. (1982). Erlendur G. Eysteinnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖEE2 – Stóra-Giljá – Viðbætur. (1982). Erlendur G. Eysteinnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

Heimildamenn

Erlendur G. Eysteinnsson (f. 1932) fyrrv. bóndi á Stóru-Giljá, búsettur á Smárabraut 10, Blönduósi.

Fylgiskjöl

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexium), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftedleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettavaggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan

hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mýlkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakró yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Tómthús/þurrabúðir: Voru smá býli eða hús við sjávarsíðuna sem voru í eigu útvegsbænda en þar bjuggu svokallaðir tómthúsmenn. Þessu fólki var gert að sjá sér sjálft farborða en sú kvöð var á ábúðinni að menn réru á báti húsbóndans. Tómthúsmenn höfðu sjaldnast jarðnæði né búpening. Hús þessi voru gjarnan einföld og fátækleg og tóftir þeirra hafa oft horfið við frekari þéttbýlismyndun.

Hnitaskrá - Stóra-Giljá

Nr	Fvr.nr.	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin v.	Hættumat	hætta v.	veggh. frá	veggh. til	veggbr.	gróður	Austun	Norðun	Sk.m.
1	11560	Stóra-Giljá	heimild		híbýli		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		gras	437879	562075	20
2	11561		heimild		hesthús		1800	1900	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0			437916	562101	20
3	11562		heimild		Rétt	Hestarétt	1800	1900	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0			437914	562086	20
4	11563	Guðrúnarhús/Lambhús	heimild		fjárhús		1800	1900	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0			437728	562180	20
5	11564	Baðhús	heimild		fjárhús		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0			437924	562272	20
6	11565	Hrútahús	heimild		fjárhús		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0			437946	562260	20
7	11566	Hólhús	heimild		fjárhús		1800	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0			437955	562231	20
8	11567		garðlag		matjurtagarður		1900	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,5		gras	438004	562068	
9	11568	Kvíaból	heimild		Fjárhús		1800	1900	sést ekki	bygginga	engin hætta		0,0	0,0			438046	562125	20
10	11569	Kvíaból	heimild		hesthús		1800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			438046	562125	50
11	11570	Kvíaból	heimild		Kvíar		1700	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			438025	562135	50
12	11571		hryggur		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,3	0,4		gras	437762	562230	
13	11572		heimild		áveita		1800	1900	sést ekki	jarðræktar	engin hætta		0,0	0,0	0,00		436725	562765	
14	11573	Stokkur/Stokkaskurður	niðurgröftur		áveita		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	0,00		436858	562441	
15	11574	Stóriskurður	náttúruminjar	niðurgröftur	áveita		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	0,00		437096	562476	
16	11575		hleðsla	stífla	áveita		1800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			437041	562072	20
17	11576	Giljarrétt	heimild		rétt		1800	1900	sést ekki	rofs	engin hætta		0,0	0,0			437766	561921	30
18	11577		tóft		stekkur	óþekkt	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,5	0,8		gras	438253	562966	
19	11578		þúst		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,5	0,6		gras	438259	562999	
20	11579		hleðsla		kennimark	varða?	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,7	0,7		gróðursnautt	438365	562908	
21	11580		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		1,0	1,0		gras	439116	562885	
22	11581		tóft		mókofi		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3		gras	438973	562963	
23	11582		varða		óþekkt	kennimark	1850	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,4			438254	562087	
24	11583		hleðsla		óþekkt	kennimark/kuml	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,2			438264	562106	
25	11584		hleðsla	varða	óþekkt	kennimark/kuml	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4			438302	562206	
26	11585		hleðsla	varða	óþekkt	kennimark	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,4			438539	562328	
27	11586		tóft		stekkur	?	1800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0,2	0,3		gras	438876	562264	
28	11587		tóft		stekkur		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		gras	438914	562294	
29	11588		tóft		óþekkt	stekkur	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		gras	438970	562269	
30	11589		garðlag	tóft	óþekkt		1700	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,2		gras	439003	562269	
31	11590		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,6		gras	439018	562270	
32	11591		heimild		vað		800	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			439076	562072	
33	11592		garðlag		rétt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		2,0	7,0		gras	439698	561875	
34	11593		tóft		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,8		gras	439796	561753	
35	11594	Tæpagata/Tæpugata	heimild	Gata	Leið		1800	1900	sést ekki	vegagerðar	engin hætta		0,0	0,0	0,00		440235	561513	
36	11595		hleðsla		óþekkt	dys/haugur/hruga	900	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,4		gróðursnautt	440515	561275	
37	11596		varða	hleðsla/hruga	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		1,0	1,2			440718	561130	
38	11597		hleðsla		kennimark	varða	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,6		gróðursnautt	440983	560797	
39	11598		hleðsla	varða	óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		1,0	1,2		gróðursnautt	441138	560601	
40	11599		hleðsla	varða	óþekkt		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,8	0,9		gras/mosi/ljónslöpp	441172	560628	
41	11600		tóft		fjárhús	beitarhús	1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	1,1		gras/mosi/ljónslöpp	439851	562153	
42	11601		hóll		óþekkt		1900	1900	greinanleg		engin hætta		2,0	2,5		gras	439858	562127	
43	11602		hleðsla	steinlögn	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2		gras/mosi/ljónslöpp	440034	562491	
44	11603		hleðsla		kennimark	varða?	1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,2			440141	562400	
45	11604		hleðsla		kennimark	varða	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		gróðursnautt	440208	562437	
46	11605		hleðsla		kennimark	varða	1900	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		gróðursnautt	440532	562509	
47	11606		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,3		gras/mosi/lyng	440164	562116	
48	11607		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,8		gras	440249	562013	

Hnitaskrá - Stóra-Giljá

49	11608		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,4			440355	561925	
NR	Fvr.nr.	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin v.	Hættumat	hætta v.	veggh. frá	veggh. til	veggbr.	gróður	Austun	Norðun	Skekkja m.
50	11609		tóft		óþekkt	stekkur	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,5		gras	440457	561894	
51	11610		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,2		gróðursnautt	440557	562074	
52	11611		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		gras	440593	562015	
53	11612		tóft		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,1		gras	440581	562018	
54	11613		tóft		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras/mosi/ljónslöpp	440576	562017	
55	11614		hleðsla	haugur	óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gróðursnautt	441044	561885	
56	11615		tóft		smalakofi		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3		gróðursnautt	441262	561917	
57	11616		tóft		óþekkt		1400	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras/mosi/ljónslöpp	441486	561793	
58	11617		hleðsla		smalakofi		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,3		gróðursnautt	441249	562737	
59	11618			hruga	kennimark	smalavarða?	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0			441247	562744	0
60	11619		hleðsla		smalakofi		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3		gras/mosi/lyng	441253	562748	
61	11620		garðlag		rétt		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	0,7		gras	442267	559411	
62	11621		hleðsla	varða	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,1		gras/mosi/lyng	442277	559357	0
63	11622		tóft		óþekkt	rett?	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	1,0		gras/mosi/lyng	442534	559286	
64	11623		hóll	tóft	óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		hætta	umferðar	0,5	1,0		gras og mosi	442618	559261	
65	11624		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hætta	umferðar	0,5	0,6		gras	442617	559260	
66	11625		tóft		óþekkt		900	1700	illgreinanleg		hætta	umferðar	0,2	0,3		gras/mosi/lyng	442607	559251	
67	11626		þúst		óþekkt		1400	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,5	0,6		gras/mosi/ljónslöpp	442611	559271	
68	11627		tóft		útihús		1500	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras/mosi/lyng	442641	559261	
69	11628		tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		gras	442629	559281	
70	11629		tóft		útihús		1500	1700	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras	442632	559269	
71	11630		þúst		óþekkt		1300	1800	greinanleg		hætta	umferðar	0,3	0,6		gras/mosi/ljónslöpp	442627	559251	
72	11631		tóft		óþekkt	híbyli/úithús	1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5		gras	442611	559241	
73	11632		tóft	toftaþyrping	híbyli		1700	1800	greinanleg		hætta	annað	0,2	0,5		gras	442621	559235	
74	11633		hleðsla	varða	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4			442653	559158	0
75	11634		hleðsla	varða/hruga	kennimark		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5		gras/mosi/ljónslöpp	442734	559023	
76	11635		tóft	þust	óþekkt	fjánhús	1500	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras	442901	559113	
77	11636		tóft		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0,4	0,5		gras mosi ljónslöpp	442921	559133	
78	11637		tóft		óþekkt		1400	1700	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras/mosi/ljónslöpp	442916	559130	
79	11638		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,2			443106	559213	0
80	11639		varða		óþekkt		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	0,6			443136	559201	0
81	11640		hleðsla		kennimark	varða	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		gras/mosi/lyng	442373	558840	0
82	11641	Orrastaðasel	tóft		sel		1600	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,4	0,4		gras	442623	558369	
83	11642	Orrastaðasel	tóft		óþekkt	kviar	1600	1800	greinanleg		engin hætta		0,3	0,7		gras	442634	558364	
84	11643		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4		gras/mosi/lyng	443194	557926	
85	11644	Mjóadalsrétt	garðlag		rétt		1900	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	1,1		gras	443058	557605	
86	11645	Reykjabraut (hin forna)	Gata/rudd braut	heimild	leið		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0	0,00		441156	561656	
87	11646		heimild		torftaka		1700	1900	sést ekki	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0			437426	562473	50
88	11647	Steinbogi	Náttúruminjar		brú	þjóðsagnastaður	0	1900	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			440972	560733	0
89	11648	Lestavað	heimild		vað		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0			438496	563069	0
90	11649		heimild		mylla		1700	1800	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			438068	562032	0
91	11650	Skessa	Náttúruminjar		þjóðsagnastaður		0	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0			440648	561127	0

Hnitaskrá - Reykir á Reykjabraut

Nr	Fvr.nr.	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin v.	Hættumat	hætta v.	veggh. frá	veggh. til	veggbr.	gróður	Austun	Norðun	Sk. m.
1	11651	Reykir	heimild		híbyli		1800	1940	sést ekki	framkvæmda	engin hætta		0,0	0,0			443991	560929	10
2	11652		heimild		fjós		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			444002	560906	30
3	11653		heimild		heimreið	tröð	1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	444044	560941	20
4	11654		hryggur		óþekkt	tungardur?	1800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0		gras	443954	560782	
5	11655		heimild	hóll	fjánhús		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	443976	560842	20
6	11656		heimild		matjurtagarður		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	443935	560906	20
7	11657		hóll	heimild	óþekkt		800	1900			engin hætta		0,0	0,0		gras	443913	560932	0
8	11658		heimild		fjánhús		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	444101	560963	20
9	11659		heimild		fjánhús		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	444101	560977	20
10	11660		heimild		fjánhús		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	443904	561100	20
11	11661		heimild		fjánhús		1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0		gras	443858	561104	20
12	11662		garðlag		túngarður		1800	1950	greinanleg		engin hætta		0,1	1,3		gras	444087	561038	
13	11663		garðlag		óþekkt	sundstaður	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3		gras	444114	561004	
14	11664		garðlag		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		hætta	rofs	0,0	0,4		gras	444105	560935	
15	11665		þúst		óþekkt		1800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,3		gras	444149	560970	
16	11666		tóft		stekkur		1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4		gras	444626	561000	
17	11667		tóft		óþekkt	Stekkur?	1700	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4		gras/mosi/ljónslöpp	444820	561097	
18	11668		tóft		óþekkt		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,5		gras	444191	561092	
19	11669		tóft		stekkur	rétt	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6		gras	444764	561158	
20	11670		tóft		óþekkt	rétt/heyttóft	1700	1900	greinanleg		hætta	uppblásturs/áfoks	0,3	0,5		gras/mosi/lyng	445246	561331	
21	11671		Tóft		Heyttóft	Heygarður	1700	1900	illgreinanlegt		engin hætta		0,1	0,1		gras	445305	560938	20
22	11672		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,4			444510	561785	
23	11673		hleðsla		óþekkt	smalakofi	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,1		gras/mosi/lyng	444512	561785	
24	11674		steinalögn		óþekkt	kuml?	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,0		gras/mosi/lyng	443437	561336	
25	11675		hleðsla		kennimark	varða	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3			443378	561298	
26	11676		tóft		óþekkt	hey\mótóft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,4		gras	443451	562571	
27	11677		varða		óþekkt		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,6	0,6			444080	560177	
28	11678		varða		óþekkt		1800	1950	greinanleg		engin hætta		0,4	0,5			444076	560172	
29	11679		varða		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,4			444529	560424	
30	11680		hleðsla		kennimark	varða	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,5			444153	560659	
32	11645	Reykjabraut (hin forna)	gata/rudd braut	heimild	Leið		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,0			441156	561656	
33	11681	Reykjalaug	heimild		Sundstaður	Sundlaug	1800	1950	sést ekki		engin hætta		0,0	0,0			444009	560894	

Skýringar á hnitatöflu

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Rétt er að taka fram að tölurnar sem hér eru gefnar upp um aldur minja eru að jafnaði mat skráningaraðila byggt á ástandi og útliti minjanna. Sumstaðar eru þó heimildir fyrir byggingarári og hvenær hætt var að nota bygginguna, í báðum tilfellum verður þó að hafa þann fyrirvara að minjarnar geti átt sér lengri sögu eða jafnvel verið byggðar á enn eldri minjum.

Í hnitatöflunni eru dálkar fyrir ástand, hættumat, hættuorsök og ástæður þess að minjar hafa horfið ef það er vitað. Þetta mat á minjunum byggir á eftirfarandi stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008:

Ástand:

1. **Ekki sést til fornleifa.** Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfispáttum.
2. **Illgreinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útlattar.
3. **Greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.
4. **Vel greinanlegar fornleifar.** Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróð yfir grjóti í veggjum og gólfi.
5. **Heillegar fornleifar.** Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila veggi og hrúnið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins:

- 1) **undir hrauni:** Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) **vegna bygginga:** Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvöllir, golfvöllir og íþróttvöllir.
- 3) **vegna vegagerðar:** Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) **sléttað yfir:** Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) **vegna ræktunar:** Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) **vegna niðurrifs:** Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) **vegna efnistöku:** Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.
- 8) **vegna fyllingar:** Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) **vegna rasks:** Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) **vegna landbrots:** Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.

- 11) **vegna skriðufalla:** Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) **vegna uppblásturs:** Rústin hefur blásið upp.
- 13) **vegna vatnsrofs:** Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) **vegna áföks**
- 15) **ekki vitað**

Hættumat - Við hættumatið er gengið útfrá eftirfarandi flokkun:

1. **Engin hætta:** Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náninni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.
2. **Hætta:** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.
3. **Mikil hætta:** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Hættuorsök - Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta.


- 1) **vegna jarðræktar:** Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) **vegna trjáræktar:** Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.
- 3) **vegna bygginga:** Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtæðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) **vegna efnistöku:** Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) **vegna vegagerðar:** Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) **vegna framkvæmda:** Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) **vegna rasks:** Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) **vegna landbrots:** Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) **vegna rofs:** Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) **vegna skriðufalla:** Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) **vegna jarðsetningar:** Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.


Staðlana má nálgast í heild sinni á heimasíðu Fornleifaverndar Ríkisins á slóðinni:

<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>



Stóra-Giljá - Yfirlitsmynd 1





Stóra-Giljá - Yfirlitsmynd 2

Kringla

Beinakelda 2

Stóra-Giljá

Litla-Giljá

Brekka og Syðri-Brekka





Stóra-Giljá - Yfirlitsmynd 3

86

38
88

39 40

Brekkukot

Reykir

Stóra-Giljá

61
62

63

64-73

74

76-78

79
80

75

81

Brekka og Syðri Brekka

82-83

84

85

Sauðadalur



Reykir - Yfirlitsmynd 1



Stóra-Gilja

Orrastaðir

Reykir

Mosfell

0

500

1.000

M



Byggðasafn Skagfirðinga
2009